Starfsáætlun Salaskóla

2026-2027



VINÁTTA – VIRÐING – SAMSTARF

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

Formáli **5**
Hagnýtar upplýsingar 5
Um skólann 5
Samstarf við leikskóla 5
Skólabyrjun að morgni 6
Gengið í skólann 6
Námsgögn og ritföng nemenda 6
Tölvur sem vinnutæki 6
Óskilamunir 6
Hjól og hjólabretti 6
Útivist 7
Slys og veikindi 7
Lyfjagjafir 7
Leyfi 8
Forföll nemenda 8
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda 8
Veikindi kennara 8
Vefsíða og samfélagsmiðlar 8
Kafli 1 **9**
Stjórnskipulag skólans og skipurit 9
Stjórnun 9
Starfsfólk Salaskóla 10
Kafli 2 **14**
Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans 14
Kafli 3 **14**
Tilhögun kennslu 14
Námsáætlanir 15
Stefna Salaskóla 15
Kennsluaðstaða 16
Samstarfsteymi 17
Stoðkerfi Salaskóla 17
Sérkennsla 17
Námsmat 18
Heimanámsstefna Salaskóla 19
Heimanám - yngsta stig 20
Heimanám - miðstig 20
Heimanám - unglingastig 20
Samtalsdagar 21
Kafli 4 **21**
Starfsáætlun nemenda 21
Heildartími námsgreina eftir árgöngum 21
Skipulag og stundaskrá 22
List- og verkgreinakennsla 22
Þemavinna 22
Útikennsla 22

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Ferðalög 22
Gróðursetning 23
Dagur gegn einelti 23
Fjölgreindaleikar 23
Jólahefðir Salaskóla 23
Kafli 5 **24**
Val nemenda í 8. – 10. bekk 24
Kafli 6 **24**
Skólabragur 24
Ábyrgð og skyldur nemenda, foreldra og starfsfólks skóla 25
Eineltisáætlun Salaskóla 26
Hvað er einelti? 27
Tilkynning um einelti 27
Hvernig tekið er á einelti? 27
Uppeldi til ábyrgðar 27
Forvarnaráætlun Salaskóla 28
Skólareglur Salaskóla 28
Brot á reglum 31
Reglur um notkun á spjaldtölvum og símum í Salaskóla 32
Reglur í matartíma 33
Punktakerfi í 8. - 10. bekk 34
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn 35
Kafli 7 **35**
Skólaráð, foreldrafélag, nemendaráð og aðrar nefndir/teymi innan skóla 35
Skólaráð 35
Foreldrafélag 36
Nemendaráð 37
Eineltisteymi 37
Öryggisnefnd 38
Nemendavernd og farsæld barna 38
Ársáætlanir ráða, nefnda, teyma og félaga 2026–2027 39
Kafli 8 **40**
Foreldrasamstarf 40
Viðmið vegna foreldrasamskipta 40
Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla 42
Kafli 9 **42**
Viðfangsefni innra mats 42
Þátttaka og rödd nemenda 43
Áherslur í innra mati skólaárið 2026–2027 43
Eftirfylgni og umbætur 44
Kafli 10 **45**
Upplýsingar um stoðþjónustu 45
Hjúkrunarfræðingur 45
Heilbrigðisfræðsla 45
Skimanir 46
Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan 46
Bólusetningar 46

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Veikindi og slys 47
Langveik börn 47
Höfuðlús 47
Hnetulaus Salaskóli 47
Sálfræðingur 47
Talmeinafræðingur 48
Félagsráðgjafi 48
Náms- og starfsráðgjafi 48
Sérúrræði 48
Önnur úrræði 48
Kafli 11 **48**
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf 48
Frístund og klúbbastarf 48
Tónlistarskólar 49
Skák og jóga 49
Félagsstarf nemenda 49
Kafli 12 **49**
Símenntunaráætlun 49
Markmið og áherslur 49
Læsi og þróun lestrarkennslu 50
Gervigreind og stafræn hæfni 50
Forritun og tæknilæsi 51
Skyndihjálp og öryggi 51
Framkvæmd símenntunar 51
Eftirfylgni og mat 52
Helstu áherslur skólaársins í hnotskurn 52
Kafli 13 **53**
Viðbragðs- og rýmingaráætlun 53
Rýmingaráætlun 53
Söfnunarstaður 54
Viðbrögð við vá 55
Viðbrögð við jarðskjálfta 55
Röskun á skóla- og frístundastarfi vegna veðurs 56
Viðbrögð við eldgosi, öskufalli og loftmengun 56
Viðbrögð við veikindafaraldri og heilsuvá 57
Kynning, æfingar og endurskoðun 57
Kafli 14 **58**
Skólaakstur 58
Skólamáltíðir 58
Kafli 15 **58**
Skólaþróun 58
Fjölbreyttir kennsluhættir og námsmat 59
Læsi og þróun lestrarkennslu 59
Gervigreind í skólastarfi 59
Forritun, tæknilæsi og skapandi notkun tækni 60
Eftirfylgni þróunarstarfs 60
Helstu áherslur skólaþróunar 2026–2027 60

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Formáli

Starfsáætlun Salaskóla 2026-2027 er upplýsingarit um starfsemi skólans á skólaárinu. Hér er um að ræða yfirlit yfir helstu viðburði sem og áherslur og markmið í skólastarfinu. Einnig er hér að finna þær venjur, siði og reglur sem ríkja í skólanum.

Hagnýtar upplýsingar

Um skólann

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólinn er í Salahverfi, í Leirdal, sem liggur norðan við Rjúpnahæð í Kópavogi. Skólaárið 2026-2027 eru tæplega 500 nemendur í 1.-10. bekk og rétt rúmlega 100 starfsmenn. Skrifstofa skólans er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 - 15:00.

Skólahúsnæði er ágætt og rúmar starfsemina ágætlega þó helst þurfi rými fyrir smærri hópa og minni námsver. Skólinn er ágætlega búinn kennslugögnum og tækjum. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Þrjár lausar kennslustofur eru á lóð skólans en þær eru nýttar fyrir frístund skólans, Uglusali.

Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur ágæta möguleika til kennslu. Skammt frá skólanum eru þekkt útivistarsvæði, svo sem Guðmundarlundur, Elliðavatn og Vífilsstaðavatn og í næsta nágrenni skólans eru göngustígar og gróin svæði sem og kirkja og kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu og hún hefur verið endurbætt mikið á síðustu árum. Hún er fjölbreytt, með fótbolta- og körfuboltavöllum og leiktækjum. Skammt frá skólanum er útikennslustofan Rjúpnalundur.

Samstarf við leikskóla

Í Salahverfi eru tveir leikskólar reknir af Kópavogsbæ; Fífusalir og Rjúpnahæð. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Salaskóla og heimsækja 5 ára nemendur leikskólanna grunnskólann. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði Salaskóla og frístund Salaskóla, Uglusalir, er með sumardvöl fyrir verðandi 1. bekkinga í tvær vikur fyrir skólasetningu. Markmið þessa fyrirkomulags er að gera skólabyrjun og aðlögun barnanna að Salaskóla auðvelda og vinalega.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólabyrjun að morgni

Skólahúsnæði er opnað kl. 8:00 og kennsla hefst kl. 8:20, þá eiga nemendur að vera mættir í kennslustofu. Frávik frá tímasetningum að morgni eiga við í stöku tilfellum, t.d. vegna skólasunds eða kennslu á unglingastigi og koma tímasetningar fram á stundatöflum.

Gengið í skólann

Við hvetjum nemendur til að ganga í skólann og foreldra til að spara aksturinn að skólahúsinu á morgnana eins og kostur er. Margir nemendur eiga greiða leið í skólann eftir göngustígum og hvetjum við þá til að ganga. Þannig drögum við úr umferð, eldsneytisnotkun og stuðlum að heilbrigðri hreyfingu.

Námsgögn og ritföng nemenda

Kópavogsbær útvegar nemendum nauðsynlega ritföng og námsgögn til að nota í skólanum, foreldrum að kostnaðarlausu.

Tölvur sem vinnutæki

Skólinn býr yfir fartölvum sem nemendur geta notað við námið auk þess sem allir nemendur í 1. – 10. bekk eru með spjaldtölvur. Þá er þráðlaust net í skólanum sem nemendur hafa aðgang að við nám sitt.

Óskilamunir

Í skólanum safnast reglulega upp óskilamunir. Um er að ræða fatnað af ýmsu tagi, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim að loknum skóladegi eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að snúa sér til skólaliða eða húsvarðar. Foreldrar eru beðnir um að merkja greinilega skófatnað nemenda, íþróttafatnað, yfirhafnir og töskur, skólinn leitast alltaf við að koma merktum óskilamunum í réttar hendur.

Hjól og hjólabretti

Á haustin og á vorin eru margir nemendur sem koma í skólann á reiðhjólum og hlaupahjólum. Þeir sem koma á hjóli í skólann þurfa að kunna umferðarreglur sem gilda um hjólreiðar og hlaupahjól og fara eftir þeim. Mikil umferð er á göngustígum á morgnana og þurfa hjólandi vegfarendur því að hjóla varlega framhjá gangandi vegfarendum. Allir sem ferðast á hjóli eiga undantekningarlaust að vera með hjálm á höfðinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Vegna öryggis nemenda er ekki leyfilegt að vera á skólalóðinni á vespum, reiðhjólum eða hlaupahjólum á skólatíma, frímínútum eða hádegishléi. Í skólanum eru um 500 nemendur og það skapar slysahættu ef einhverjir þeysast um á slíkum farartækjum á meðan aðrir eru að leik á skólalóðinni. Hins vegar má vera á hjólabrettum á svæðinu á milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar.

Útivist

Nemendur í 1. – 7. bekk fara út í kennsluhléum tvisvar á dag. Farið er út í öllum veðrum, nema þegar Veðurstofa gefur út appelsínugular eða rauðar viðvaranir um veður. Nemendur þurfa því að koma klæddir eftir veðri dag hvern. Útivistin er hugsuð sem frjáls tími fyrir nemendur, þar sem þeim gefst tækifæri til að leika sér saman, fá holla hreyfingu og fylla lungun af súrefni.

Starfsmenn sem eru í gæslu hverju sinni skipta sér yfirleitt ekki af leikjum barnanna, en grípa að sjálfsögðu inn í þegar þarf og eru til taks fyrir nemendur. Auk starfsfólks sinna nemendur úr 10. bekk gæslu í frímínútum yngri barna og fá fyrir það umbun í ferðasjóð sinn. Gæsluaðilar eru klæddir í áberandi vesti þannig að auðvelt er fyrir nemendur að sjá hvar þá er að finna.

Slys og veikindi

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild fara foreldrar/forráðamenn með barninu. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ef barn er með greindan sjúkdóm eða alvarlegt ofnæmi sem getur stefnt heilsu eða lífi þess í hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki eða blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlín-gjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma, og upplýsa ritara sem heldur utan um upplýsingar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Leyfi

Leyfi allt að tveimur dögum veitir umsjónarkennari, en lengri leyfi allt að einni viku skulu forráðamenn sækja um í gegnum Þjónustugátt Kópavogsbæjar. Foreldrar eru upplýstir um ferla Kópavogsbæjar sem gilda í grunnskólum bæjarins og snúa að ófullnægjandi skólasókn. Foreldrar sem velja að taka barn sitt úr skóla til lengri tíma bera ábyrgð á námi á meðan á fjarveru stendur.

Forföll nemenda

Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal á degi hverjum. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags í síma 441 3200 eða á netfangið salaritari@kopavogur.is, einnig er hægt að tilkynna þau í gegnum Mentor. Fari nemandi veikur heim úr skólanum þarf að tilkynna það á skrifstofu skólans í síma eða með tölvupósti. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda

Kópavogsbær hefur sett samræmt verklag vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda í grunnskólum bæjarins. Verklagið miðar að því að brugðist sé tímanlega og með markvissum hætti við þegar skólasókn nemanda gefur tilefni til. Sjá nánar í kafla 6.

Veikindi kennara

Þegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og senda nemendur heim og eru foreldrar barna á yngsta stig og miðstigi látnir vita af því.


Vefsíða og samfélagsmiðlar

Vefsíða Salaskóla er https://salaskoli.is/ og þar má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar. Skólinn heldur einnig úti facebooksíðu sem ber heitið “Salaskóli” en þar eru settar inn fréttir og upplýsingar um skólann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Kafli 1

Stjórnskipulag skólans og skipurit



Stjórnun

Skólastjóri er Kristín Sigurðardóttir. Hún er í forsvari fyrir skólann og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart bæjarstjórn. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs er Linda Hrönn Helgadóttir. Hulda Björnsdóttir er deildarstjóri miðstigs, Berglind Þyrí Finnbogadóttir er deildarstjóri sérkennslu sem og tengiliður samþættrar þjónustu. Ásgerður Helga Guðmundsdóttir er deildarstjóri upplýsingatækni og Logi Guðmundsson er deildarstjóri unglingastigs. Í sameiningu veitir stjórnendateymið skólanum faglega forystu og skiptir með sér verkum við stjórn skólans.

Salaskóli 2026-2027

Húsvörður: *Benedikt Þór Guðmundsson*

Matreiðslumeistari: *Emmanuel Bodinaud*

Forstöðukona Frístundar: *Kristrún Sveinbjörnsdóttir*

Fjöldi nemenda: 481 (16. okt 2026)

Fjöldi stjórnenda: 6

Fjöldi kennara og fagmenntaðra sérfræðinga: 63

Fjöldi annarra starfsmanna: 48

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Starfsfólk Salaskóla

Agnes Þorleifsdóttir	Kennari
Agnieszka Serewis	Skólaliði
Aldís Embla Björnsdóttir	Stundakennari
Alejandro Egill Bote	Stuðningsfulltrúi
Anna Katrín Eiríksdóttir	Stundakennari
Anna Maria Forszpaniak	Skólaliði
Anna Sólveig Snorradóttir	Kennari
Antonía Eir Skúladóttir	Frístundaleiðbeinandi
Arnar Logi Guðjónsson	Aðstoðarforstöðumaður frístundar
Arnór Helgason	Stuðningsfulltrúi
Atli Dagur Stefánsson	Leiðbeinandi í kennslu
Atli Viðar Bragason	Sálfræðingur
Auður Kristín Ebenezersdóttir	Kennari
Axel Snær Rúnarsson	Stuðningsfulltrúi
Ágústa Guðjónsdóttir	Talmeinafræðingur
Ásdís Sigurjónsdóttir	Skrifstofustjóri
Ásgerður Helga Guðmundsdóttir	Deildarstjóri upplýsingatækni
Bára Björk Elvarsdóttir	Stundakennari
Beata Magdalena Franiak	Matráður
Benedikt Þór Guðmundsson	Húsvörður
Berglind Þyrí Finnbogadóttir	Deildarstjóri sérkennslu
Birgir Ágúst Andrésson	Frístundaleiðbeinandi
Brynhildur Helga Nikulásdóttir	Kennari
Brynja Björk Arnardóttir	Kennari
Dagbjört Kristinsdóttir	Kennari
Dalla Ólafsdóttir	Kennari
Dragan Stefán Stojanovic	Skólaliði
Elísabet M. Sigfúsdóttir	Kennari
Elísabet Ósk Bragadóttir	Kennari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Emmanuel Bodinaud	Matreiðslumaður
Erlendur Egilsson	Sálfræðingur
Erna Rós Sigurjónsdóttir	Í leyfi
Erna Rún Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Eva Brynjarsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Fatmir Bajramaj	Skólaliði
Gígja Jónsdóttir	Þroskaþjálfi
Gísli Sveinsson	Kennari
Gísli Þór Einarsson	Kennari
Guðbjörg Tryggvadóttir	Kennari
Guðjón Daníel Bjarnason	Stuðningsfulltrúi
Guðlaug Björk Eiríksdóttir	Þroskaþjálfi
Guðlaug Björk Klemensdóttir	Kennari
Guðný Birna Rosenkjær	Bókasafns- og upplýsingafræðingur
Guðrún Birna Guðlaugsdóttir	Kennari
Gunnar Hrafn Sveinsson	Kennari
Halldór Snorrason	Leiðbeinandi í kennslu
Harpa Rós Guðmundsdóttir	Aðstoðarforstöðumaður Fönix
Hekla Rut Haukdal Magnúsdóttir	Leiðbeinandi í kennslu
Helgi Mikael Jónasson	Leiðbeinandi í kennslu
Hulda Björnsdóttir	Deildarstjóri miðstigs
Hulda Gunnlaugsdóttir	Í leyfi
Ísak Guðmannsson Levy	Kennari
Ísak Rökkvi Davíðsson	Frístundaleiðbeinandi
Jóhann Georg Pálsson	Leiðbeinandi í kennslu
Jóhanna Pálsdóttir	Kennari
Jón Gauti Guðmundsson Líndal	Stuðningsfulltrúi
Kamilla Borg Hjálmarsdóttir	Þroskaþjálfi
Katrín M. Haig Konráðsdóttir	Aðstoðarforstöðumaður frístundar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Katrín S. Kristjana Hjartard.	Stundakennari
Kristbjörg Natalía Jakobsdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Kristín Ásta Ólafsdóttir	Þroskaþjálfi
Kristín Sigurðardóttir	Skólastjóri
Kristján Ottó Hjálmsson	Stundakennari
Kristrún Sveinbjörnsdóttir	Forstöðumaður frístundar
Lilja Björk Baldvinsdóttir	Kennari
Linda Hrönn Helgadóttir	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs
Logi Guðmundsson	Deildarstjóri elsta stigs
Lucas Joshua Snædal Garrison	Frístundaleiðbeinandi
Margrét Lea Gísladóttir	Frístundaleiðbeinandi
Marina Tkalac	Skólaliði
María Helga Gunnarsdóttir	Kennari
Marsibil Sól Þórarinsd. Blöndal	Leiðbeinandi í kennslu
Máni Steinn Markússon	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Natalía Lea Georgsdóttir	Stundakennari
Nihad Kamil Anbeeh Algharyani	Skólaliði
Olena Usenko	Skólaliði
Orri Erlingsson	Kennari
Ólöf Bolladóttir	Kennari
Pálína Þorgilsdóttir	Kennari
Rakel Dís Björnsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Rakel Gróa Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi í kennslu
Rakel Magnúsdóttir	Kennari
Rannveig Kristjánsdóttir	Kennari
Ríkey Sigurgeirsdóttir	Frístundaleiðbeinandi /stundakenn
Ronja Valey H Gippert	Frístundaleiðbeinandi
Rúnar Þór Bjarnason	Kennari
Selma Dóra Þorsteinsdóttir	Frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Signý B. Guðmundsdóttir	Kennari
Sigríður Gylfadóttir	Kennari
Sigríður Ósk Atladóttir	Kennari
Sigríður R Marrow Arnþórsdóttir	Kennari
Sigrún Hildur Sigurðardóttir	Kennari
Sigurlaug R Friðþjófsdóttir	Stundakennari
Sigurvin Örn Magnússon	Stundakennari
Sindri Björn Daníelsson	Frístundaleiðbeinandi
Sóldís Birta Magnúsdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Sóley Ragnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sólrún Sesselja Haraldsdóttir	Háskólamenntaður sérfræðingur
Sólveig Ásta Guðmundsdóttir	Kennari
Stefanía Lilja Óladóttir	Skólaliði
Stefanía Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Stefán Erlendsson	Kennari
Steinunn Rósa Einarsdóttir	Afleysingar
Stella Aradóttir	Kennari
Sunna Kristín Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi / frístundaleiðbeinandi
Svava Sigríður Svavarsdóttir	Kennari
Sylwia Trochimczyk	Skólaliði
Tetiana Shkarivska	Skólaliði
Tinna Heimisdóttir	Forstöðumaður Fönix
Tinna Líf Baldvinsdóttir	Námsráðgjafi
Torfi Sigurðarson	Kennari
Valgerður Björnsdóttir	Kennari
Vigdís Hulda Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir	Þroskaþjálfi
Þóra Björg A. Garðarsdóttir	Félagsráðgjafi
Þórhildur Rún Guðmundsdóttir	Kennari
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	Þroskaþjálfi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Kafli 2

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Skóladagatal Salaskóla er unnið skv. lögum og reglugerðum. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagar eru samræmdir við skipulagsdaga í leik- og grunnskólum í nágrenninu. Skóladagar nemenda eru 180 og af þeim eru 10 skóladagar til sveigjanlegs skólastarfs þar sem vikið er frá hefðbundnum stundaskrám. Þeir eru auðkenndir með grænum lit á skóladagatali. Fyrir utan þessa 180 daga eru 5 skipulagsdagar innan skólaárs. Þá daga vinna kennarar að skipulagi, áætlanagerð, stefnumótun og mati á skólastarfinu sem og samráði og öðrum faglegum störfum. Skóladagatal Salaskóla má nálgast á heimasíðu skólans.



Kafli 3

Tilhögun kennslu

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og í samræmi við stefnu skólans. Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni. Við leitumst við að hafa kennsluhætti þannig að þeir henti hverjum og einum nemanda, að aðferðir séu fjölbreyttar, námshópar blandaðir, að samstarf kennara sé gott og faglegt og við höfum sveigjanleika í úrræðum. Við leggjum áherslu á að beina athyglinni að litrófi fjölbreyttra hæfileika nemenda og lítum á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

nemendur frá sjónarhorni styrkleika þeirra og áhugasviða. Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi vinnu og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir.

Teymiskennsla er ríkjandi fyrirkomulag í kennslu. Hver árgangur hefur 2-3 umsjónarkennara (eftir fjölda nemenda í árgangi) og nemendur raðast í vinnu- og verkefnahópa sem kennarar stýra hverju sinni.

Kennsla fer fram í eða við skólann og íþróttakennslan fer fram í íþróttamiðstöðinni Versölum. Einnig er farið í kennsluferðalög og vettvangsferðir og heimsóknir eftir því sem tilefni gefast, auk þess sem ýmsir gestir heimsækja skólann reglulega, t.d. í fræðslu og upplestur nýrra bóka. Nánari upplýsingar um kennslu er að finna á heimasíðu skólans undir skólanámskrá.

Námsáætlanir

Námsáætlanir Salaskóla eru unnar fyrir hvern árgang og námsgrein og byggja á aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Salaskóla. Þar koma m.a. fram markmið, helstu viðfangsefni, hæfniviðmið og fyrirkomulag námsmats. Áætlanir eru yfirfarnar árlega af kennarateymum. Foreldrar og nemendur hafa aðgang að upplýsingum um nám og námsframvindu í Mentor. Á heimasíðu Salaskóla er jafnframt aðgengileg leið að námsáætlunum allra árganga.

Námsáætlanir allra árganga í Salaskóla

Stefna Salaskóla

Virðing, samstarf, vinátta eru einkunnarorð Salaskóla og þau hugtök sem grundvalla allt starf skólans. Þau koma m.a. fram í skólasöngnum okkar.

Merki skólans er þrískipt og táknar þrjú aldursstig grunnskólans. Gulu hendurnar mynda hús og eru tákn fyrir yngsta stig skólans. Húsið táknar þá umhyggju. Rauðu hendurnar mynda epli sem tákn fyrir miðstig skólans. Eplið vísar til vaxtar og þroska. Bláu hendurnar mynda fugl og eru þær tákn fyrir unglingastigið. Fuglinn táknar sjálfstæði.

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Salaskóli tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfinu eins og aðrir skólar í Kópavogi en Kópavogsbær hefur hlotið viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við einsetjum okkur að nemendur, starfsfólk og allt skólasamfélagið leggi sig fram um að

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.11.2026

gera það sem það er megnugt til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Við hugsum vel um okkur sjálf, umhverfi okkar og hvert annað. Saman lærum við til að vera góðar manneskjur, öðlast fjölbreytta þekkingu, koma góðum hlutum í framkvæmd og lifa saman í sátt og samlyndi.

Starfið í Salaskóla byggir á sögu framsækinna skólaþróunarverkefna. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti en markmið skólans er að styðja nemendur í þá átt að verða góðar og sterkar manneskjur sem tileinka sér samfélagsábyrgð og virðingu. Nemendur byggja upp sjálfstraust og sjálfsaga sem nýtist þeim í hvers kyns aðstæðum seinna á lífsleiðinni.

Grunnþættir menntunar skipa veglegan sess bæði í námi og starfsháttum skólans. Grunnþættirnir eru heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun.

Áhersluatriði sem byggt hefur verið á í námi og kennslu í Salaskóla:

- að leggja áherslu á að öll fái notið sín sem einstaklingar og í hóp, við horfum til sterkra hliða nemenda og starfsfólks.
- að leggja áherslu á að kenna nemendum að rækta með sér góð gildi og að við öll temjum okkur góða framkomu, virðingu í garð annarra og góð og öguð vinnubrögð.
- að leggja áherslu á verndun umhverfisins og sjálfbærni.
- að leggja áherslu á stafræna borgaravitund.
- að leggja áherslu á nýsköpun og þróun í námi og kennslu sem og í skólastarfinu almennt.
- að allir okkar nemendur fái notið sín á jafnréttisgrundvelli, óháð bakgrunni, trú, tungumáli, kyni eða öðrum þáttum.
- að leggja áherslu á heilbrigði og holla lífshætti.
- að leggja áherslu á að við deilum jörðinni með öðrum jarðarbúum og að við getum lagt okkar af mörkum til að gera heiminn betri.
- að byggja á menningar arfleifðinni og um leið aukum við víðsýni okkar.
- að leggja áherslu á gott samstarf skóla og foreldra og að það er forsenda góðs skólastarfs.

Kennsluaðstaða

Skólabyggingin skiptist í fimm álmur sem auðkenndar eru með litum – gula hús, græna hús, bláa hús, gráa hús og rauða hús.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Glæsileg íþróttaaðstaða er í íþróttamiðstöðinni Versölum við hlið skólans, en þar eru íþróttasalir og sundlaugar. Sundlaugarnar eru einnig notaðar af nágrannaskólum sem allir eru fremur fjölmennir. Það er krefjandi verkefni að koma lögboðinni kennslu fyrir í lauginni og hver skóli sem nýtir lauginni fær úthlutaða tíma sem þeir hafa yfir að ráða. Skólalóðinni er skipt upp í marga leikvelli. Þar eru körfuboltavellir, knattspyrnuvellir, vellir fyrir brennibolta, róluvöllur, trampólín, kastali, aparóla, hreystibraut og klifurgrindur.

Rjúpnalundur er útikennslusvæði sem skólinn deilir með leikskólunum Fífusölum og Rjúpnahæð. Rjúpnalundur er vestan til í Rjúpnahæð rétt austan við byggðina í Ö-sölum.

Samstarfsteymi

Innan Salaskóla eru nokkur samstarfsteymi. Kennarar hvers árgangs mynda samstarfsteymi sem í sameiningu fer með umsjón með nemendum árgangsins. Auk þess eru smiðjukennarar með sérstakt samstarfsteymi sem og sérkennarar og þroskaþjálfar. Í hverju teymi eru einnig aðrir kennarar og annað starfsfólk sem að hópunum kemur hverju sinni. Stoðþjónusta skólans vinnur með árgangateymum en sú vinna er leidd af deildarstjóra stoðþjónustu.

Stoðkerfi Salaskóla

Í Salaskóla leggjum við áherslu á að öllum nemendum líði vel í skólanum. Nemendum sem líður vel og fá að takast á við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni, þurfa síður sérstök úrræði innan eða utan skólans. Salaskóli leggur áherslu á fjölbreyttar leiðir til að styðja við nemendur sem eiga erfitt í skólanum, en sveigjanleiki og fjölbreytni í skólastarfinu er liður í nemendavernd.

Sérkennsla

Gert er ráð fyrir að sérkennsla fari fram í námsaðstæðum nemenda í árgangastofum eins og kostur er. Umsjónarkennarar, sérgreinakennarar og stoðþjónustan vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi og námsaðstæður. Nemendur eru hvattir til dáða með því að vekja áhuga og forvitni á viðfangsefnum.

Í skólanum eru minni námsver þar sem hægt er að koma til móts við þá nemendur sem þurfa nám í fámennari hópum eða þurfa sértækan stuðning. Í námsveri fá nemendur stuðning og kennslu samkvæmt einstaklingsáætlunum sínum og aðstoðin þar er hugsuð til að bæta sjálfsmynd þeirra og líðan og styðja til aukins árangurs og framfara í námi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Stoðþjónusta skipuleggur jafnt og þétt yfir skólaárið ýmis námskeið eða lotur til stuðnings við nemendur og nemendahópa. Sem dæmi um slíkt má nefna lestrarnámskeið, hljóðgreininganámskeið, málörvunarnámskeið, félagsfærni- og samskiptanámskeið og stærðfræðinámskeið. Tímalengd námskeiða er breytileg en getur náð yfir nokkrar vikur.

Áhersla er lögð á sveigjanleika í vinnubrögðum og reynt að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Sumum nemendum nýtist best að fá stuðninginn inn í árganginn en öðrum hentar betur að vinna í smærri hópum í öðru rými. Því eru stundum fleiri en einn kennari í ákveðnum námsgreinum í hverjum hópi eða sérkennari með hóp.

Markmið sérkennslu Salaskóla er að skapa námslega sigra og að nemendur vinni út frá sínum sterku hliðum og áhuga. Við leggjum áherslu á að þeir vinni með fjölbreytt viðfangsefni auk þess sem unnið er að félagslegri aðlögun. Hlutverk sérkennara er m.a. að laga nám og námsaðstæður að þörfum nemenda auk þess að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Í Salaskóla er sérdeild fyrir einhverfa nemendur sem um gilda sérstakar inntökureglur samkvæmt verklagi Kópavogsbæjar um sérdeildir. Deildina sækja nemendur úr öllum skólahverfum í Kópavogi.

Kennsla í íslensku sem annað tungumál fer fram samkvæmt viðmiðunarreglum Kópavogsbæjar. Á yfirstandandi skólaári eru 37 nemendur sem fá slíka kennslu og fer kennslan fram í tungumálaveri skólans. Tímafjöldi hvers nemanda og áherslur kennslunnar fara meðal annars eftir komuári til Íslands og stöðu nemandans á svokölluðu „Milli mála prófi“ sem er staðlað málkönnunarpróf. Nálgun í námi og kennslu miðar að því að valdefla nemendur og styðja þá til aukinnar hæfni í íslensku með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Viðkomandi nemendur og fjölskyldur þeirra fá einnig upplýsingar um félags- og tómstundastarf og stuðning við aðlögun í samfélaginu utan skólans.

Námsmat

Megintilgangur námsmats er að vera nemanda leiðbeinandi um stöðu sína í námi og þá framþróun sem verður á námstímanum. Hverjum kennara ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Nemendur fá formlega

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

umsögn tvisvar á skólaárinu, í janúar og í júní. Þess utan byggist mat á árangri nemenda á símati, m.a. þátttöku í verkefnum og fjölbreyttri verkefnavinnu jafnt og þétt yfir skólaárið.

Á síðasta skólaári unnu menntasvið Kópavogsbæjar og grunnskólar bæjarins að því að samræma og einfalda framsetningu námsmats. Markmiðið var að gera námsmat skýrara og aðgengilegra fyrir nemendur og foreldra og stuðla að sameiginlegri framsetningu í grunnskólum Kópavogs.

Á skólaárinu 2026–2027 vinnur Salaskóli jafnframt að undirbúningi breytinga á lokamati nemenda í 10. bekk í samræmi við fyrirhugaðar breytingar menntayfirvalda sem eiga að taka gildi um áramót. Gert er ráð fyrir að við brautskráningu vorið 2027 verði lokamat nemenda í 10. bekk sett fram á tölukvarða í stað bókstafakvarða. Markmið breytinganna er meðal annars að gera niðurstöður námsmats skýrari og samræmdari og auðvelda nemendum og foreldrum að átta sig á stöðu í námi, framförum og þeirri hæfni sem nemendur hafa náð.

Nemendur, foreldrar og starfsfólk fá upplýsingar og fræðslu um inntak, matsviðmið og framkvæmd breytinganna eftir því sem endanleg útfærsla liggur fyrir. Fjölbreytt námsmat og leiðbeinandi endurgjöf verða áfram órjúfanlegir þættir náms og kennslu í Salaskóla. Tölukvarðinn kemur því ekki í stað faglegs og fjölbreytts námsmats heldur er ætlað að vera leið til að setja niðurstöður lokamats fram með skýrari hætti. Aðalnámskrá leggur áherslu á að námsmat sé reglubundinn þáttur skólastarfs, órjúfanlegur frá námi og kennslu og að megintilgangur þess sé að leiðbeina nemendum um nám sitt og styðja við framfarir þeirra.

Heimanámsstefna Salaskóla

Foreldrar hafa áhuga á að fylgjast með gengi sinna barna í náminu og sá áhuga skiptir oft sköpum. Einfaldasta leiðin fyrir foreldra til að fylgjast með náminu er að setjast daglega niður með barni sínu og aðstoða það við heimalestur. Hlusta á það lesa, hvetja til vandvirkni við ritun, styðja við fjölbreyttan orðaforða, hlýða yfir margföldunartöfluna o.s.frv. Maður þarf ekki endilega að kunna námsefnið til að aðstoða við heimanámið, það er hvatningin og áhuginn sem mestu máli skiptir. Ef barnið lendir í vandræðum og enginn á heimilinu áttar sig á hvað á að gera, þá má senda athugasemd til kennarans.

Markmið með heimanámi nemenda í Salaskóla er að barnið læri að sýna sjálfsaga, læri að vinna á eigin spýtur, þjálfun, undirbúningur undir kennslustundir og ekki síst að skapa jákvæð samskipti milli foreldra og barna um það sem börnin eru að gera á daginn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Góð og jákvæð samskipti foreldra og barna á meðan á heimanáminu stendur geta haft mikil áhrif á námsárangur. Ef foreldrar eiga í vandræðum með að fá börn sín til að læra heima biðjum við þá um að hafa samband við skólann og í sameiningu hjálpumst við að við að leysa málið farsællega.

Heimanám - yngsta stig

- megináherslan er á heimalestur. Nemendur eiga að þjálfa sig a.m.k. 5 daga í viku og best ef þeir gera það á hverjum einasta degi vikunnar. Hlutverk foreldra er að fylgjast með, hlusta og sýna áhuga.
- auk heimalesturs er stöku sinnum í möppunni eitt lítið verkefni, kynning fyrir foreldra á því sem búið er að vinna með í skólanum. Einnig getur verið verkefni sem er ætlað til þjálfunar í t.d. ritun eða stærðfræði.
- nemendur í grunnskóla eru í fullri vinnu í skólanum og allt heimanám að undanskildum lestrinum er aukavinna og í raun sýnishorn á vinnu nemenda í skólanum.
- ef heimanám er sent heim kemur það á föstudegi og því á að skila til baka á föstudegi viku síðar. Það á ávallt að vera í sérstakri heimanámsmöppu sem auðveldar kennara og foreldrum að halda utan um það.

Heimanám - miðstig

- markmið með heimanáminu er undirbúningur undir kennslustundir en jafnframt geta foreldra nýtt það til að fylgjast með námi barna sinna.
- mikilvægt er að allir nemendur lesi daglega, t.d. skáldsögu sem höfðar til þeirra. 15 – 20 mín að kvöldi fyrir svefn skiptir miklu máli í þjálfun á lesskilningi. Meiri tími er bara til bóta.
- ef nemendur eða foreldrar óska eftir meiri heimavinnu en skólinn lætur nemendur hafa þá er best að hafa samband við viðkomandi kennara.

Heimanám - unglingastig

- markmið með heimanámi í unglingadeild er að nemendur vinni frekar með þá námsþætti sem verið er að vinna með í skólanum. Þannig fá þeir tækifæri til að byggja upp og dýpka þekkingu sína.
- heimanám í unglingadeild gengur gjarnan út á að ljúka við verkefni sem ekki tókst að ljúka í kennslustundum í skólanum. Einnig geta verið önnur verkefni sem kennarar setja nemendum fyrir og eru þá upplýsingar um það á Mentor og Classroom. Gera má ráð fyrir daglegu heimanámi.
- mikilvægt er að allir nemendur lesi daglega, t.d. skáldsögu sem höfðar til þeirra. 15 – 20 mín að kvöldi fyrir svefn skiptir miklu máli í þjálfun á lesskilningi. Meiri tími er bara til bóta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Samtalsdagar

Samtalsdagar nemenda, foreldra og kennara eru tvisvar á skólaárinu samkvæmt skóladagatali. Þetta skólaárið verður viðtal að hausti nemendastýrt en það er frábær leið til að gera nemandann að virkum þátttakanda í eigin viðtali með foreldrum og kennara. Það er nemandinn sem er í aðalhlutverki og stýrir viðtalinu og upplýsir foreldra sína um hvað hann er að gera í skólanum og hvernig honum gengur. Meginmarkmið nemendaviðtala er sjálfsefling, fagmennska og samstarf. Nemandinn öðlast trú á eigin getu, lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Teljum við að þetta veiti nemandanum aukna vellíðan og stuðli að aukinni færni og árangri hans utan skóla sem innan. Samtalsdagar verða haldnir 12. október og 16. febrúar.

Kafli 4

Starfsáætlun nemenda

Kennsludagar á hverju skólaári eru 180 og eru þeir nánar skilgreindir á skóladagatali. Vikulegur kennslustundafjöldi er 30 stundir í 1. – 4. bekk, 35 stundir í 5. – 7. bekk og 37 stundir í 8. – 10. bekk. Á yngsta stigi hefst kennsla kl. 8:20 og henni lýkur kl. 13:20. Nemendur á miðstigi mæta kl. 8:20 í skólann og eru almennt búnir kl. 14:00 (í nokkrum tilvikum frávik vegna skólasunds). Daglegur skólatími unglinga er breytilegri, getur byrjað síðar að morgni á stökum dögum og getur staðið til kl. 14:30.

Heildartími námsgreina eftir árgöngum

Tímaúthlutun Salaskóla tekur mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla. Kennslutíma er úthlutað til einstakra námsgreina með hliðsjón af viðmiðum aðalnámskrár og skipulagi náms og kennslu í skólanum. Taflan hér að neðan sýnir heildartíma hverrar námsgreinar í hverjum árgangi skólaárið 2026–2027 og hvernig vikulegum kennslutíma nemenda er skipt milli námsgreina.

Námsgrein/námssvið	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Íslenska	460	360	320	280	240	240	300	180	180	240
Stærðfræði	200	200	200	240	240	240	160	180	180	240
Erlend tungumál	0	40	40	40	160	160	160	240	240	240
Náttúrugreinar	60	60	160	160	120	120	100	120	120	120
Samfélagsgreinar	140	160	160	160	160	160	100	120	120	120
Íþróttir/sund	120	120	120	120	120	120	120	120	120	120
List- og verkgreinar	160	200	200	200	200	200	200	120	120	120
Aðrir tímar / samþætt nám	60	60			160	160	260	280	280	160
Val								120	120	120
Samtals mínútur á viku	**1200**	**1200**	**1200**	**1200**	**1400**	**1400**	**1400**	**1480**	**1480**	**1480**
Samtals kennslustundir 40 mín á viku	**30**	**30**	**30**	**30**	**35**	**35**	**35**	**37**	**37**	**37**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skipulag og stundaskrá

Skipulag og kennsluhættir Salaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám sem og að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins. Til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í skólastarfinu er nauðsynlegt að stundaskráin geti verið breytileg frá einum tíma til annars í samræmi við áherslur hverju sinni.

List- og verkgreinakennsla

List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum í 2. – 10. bekk. Nemendur í 1. bekk fá jafnframt kynningu á smiðjuvinnu í svokallaðri litlu smiðju þar sem unnið er með tónmennt og hönnun og sköpun. Nemendur eru í einni smiðju hverju sinni og fer lengd smiðjutímabila eftir árgöngum og skipulagi skólaársins. Nemendur í 2., 5., 6., 7., 8. og 9. bekk fara í smiðjur bæði fyrir og eftir jól, að jafnaði í um þriggja vikna lotum. Í öðrum árgöngum er fyrirkomulag og lengd smiðjutímabila með öðrum hætti eftir skipulagi námsins. Á unglingastigi eru list- og verkgreinar jafnframt í boði sem valgreinar.

Þemavinna

Samþætting námsgreina er fastur liður á stundaskrá í 5. – 10. bekk. Þeir tímar kallast “Oddaflug” á miðstigi og “Flug” á unglingastigi. Í þeim kennslustundum vinna nemendur í alls konar hópum að ýmsum þverfaglegum viðfangsefnum. Markmiðið er að nemendur glími við heildstæð verkefni þvert á námsgreinar og leysi þau í samvinnu við aðra, jafnframt því að þeir fái nokkurt val um viðfangsefni og skil þeirra. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjandi. Margs konar þematengd vinna er einnig viðhöfð í öðrum árgöngum, stundum þvert á árganga en einnig innan árganga eða bekkja.

Útikennsla

Rjúpnalundur er sameiginlegt útikennslusvæði Salaskóla, Fífusala og Rjúpnahæðar. Þar er skemmtileg aðstaða til ævintýralegrar útiveru allt árið um kring. Þar eru tré, bekkir og eldstæði og því hægt að tylla sér niður, kveikja upp og grilla á opnum eldi. Kennarar skipuleggja ýmis konar útikennslu og við leitumst við að hún eigi sér stað allan ársins hring.

Ferðalög

Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði og nemendur í 9. bekk fara í Vatnaskóg. 10. bekkur fer einnig í árlega útskriftarferð í lok skólaárs. Árlega er stefnt að skíðaferð með 5. – 10. bekk ef nægur snjór er í Bláfjöllum. Reglulega fara ýmsir hópar einnig í styttri ferðir eða námstengdar ferðir á söfn og sýningar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Gróðursetning

Árlega taka nemendur í 5. bekk að sér gróðursetningu á trjáplöntum í bæjarlandinu. Það verkefni er í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs.

Dagur gegn einelti

Á degi gegn einelti ár hvert (í nóvember) taka Salaskóli og leikskólarnir í Salahverfi höndum saman og vinna verkefni tengd vináttu og gegn einelti. Eldri nemendur Salaskóla heimsækja leikskólana þar sem þeir leika við leikskólabörnin og eru með þeim í samverustundum þar sem rætt er um vináttu og einelti. Aðrir nemendur skólans hittast og vinabekkir vinna verkefni saman í tengslum við daginn.

Fjölgreindaleikar

Fjölgreindaleikar Salaskóla eru einn mikilvægasti viðburður skólaársins. Fyrstu fjölgreindaleikar Salaskóla voru vorið 2003, á öðru starfsári skólans. Það voru kennarar við skólann sem áttu hugmyndina að leikunum og síðan hafa þeir breiðst út til fjölda skóla á Íslandi. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þar reynir ekki síst á leiðtoga hvers hóps, en það eru nemendur úr elstu árgöngum skólans. Þá daga sem leikarnir standa yfir ríkir einstök gleði í skólanum og til að ýta enn frekar undir hana mætir starfsfólk í furðufötum.

Allir nemendur taka þátt í leikunum og er þeim skipt í hópa og í hverjum hópi eru nemendur af öllum skólastigum. Keppnisgreinar skipta tugum og hver hópur keppir í öllum greinum. Keppnisgreinar reyna eins og áður segir á allar greindir og fjölbreytni er afar mikil. Við höfum gert kynningarmynd um fjölgreindaleikana sem hægt að að nálgast á heimasíðu skólans.

Jólahefðir Salaskóla

Jólatré er sett upp á aðventunni í salnum okkar. Yngri nemendur skreyta tréð með skrauti sem þeir hafa gert sjálfir. Mötuneytið er með uppbrot í mat síðustu dagana fyrir jólafrí. Jólaball unglingadeildar er að kvöldi og daginn eftir eru litlu jólin hjá yngri nemendum. Jólafrí nemenda hefst að loknum jólaböllum samkvæmt skóladagatali.

Það hefur löngum verið hefð í Salaskóla að halda upp á Lúsíumessu sem tengist verndardýrðlingnum Santa Lúsíu í kringum 13. desember. Nemendur í 4. bekk eru í aðalhlutverki og Lúsían hefur í gegnum tíðina verið valin úr 7. bekk. Nemendur klæðast hvítum kyrtlum, hnýta silfurbönd um mitti sér og höfuð og halda á ljósi. Lúsían sjálf er

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

prýdd ljósakransi og með rauðan linda um mitti. Lúsíugangan fer um allan skólann með söng og tilheyrandi hátíðleika. Nemendur koma fram á ganga með kennurum sínum og fylgjast með göngunni. Falleg og friðsæl stund í morgunsárið á þessum tíma í skammdeginu á aðventunni.

Kafli 5

Val nemenda í 8. – 10. bekk

Hluti af námi í unglingadeild eru valgreinar og hver nemandi velur að jafnaði tvær kennslustundir á viku. Skólaárinu er skipt í þrjú valtímabil og nemendur ljúka að jafnaði sex valgreinum yfir skólaárið.. Nemendur geta fengið þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi metna sem valgrein. Nánari upplýsingar um valgreinar og skipulag vals má finna á Val í Salaskóla.

Auk þessa geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga í fjarnámi eða staðnámi, t.d. í stærðfræði og tungumálum, og fengið metið sem valgrein.

Hluti af samþættu námi á unglingastigi flokkast jafnframt sem bundið val. Í bundnu vali leggja kennarar ákveðnar línur um viðfangsefni námsins. Bundið val er 240 mínútur á viku í 8. og 9. bekk og 120 mínútur á viku í 10. bekk.

Kafli 6

Skólabragur

Í Salaskóla leggjum við áherslu á jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag. Kennsluhættir vega þungt ásamt þeim viðhorfum sem ríkja í skólanum. Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og að hagsmunir nemenda séu í brennidepli. Skólinn vinnur í anda stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar þar sem uppbyggilegar aðferðir eru hafðar að leiðarljósi.

Í kennslunni er horft til styrkleika og ólíkra greinda nemenda og fjölbreyttar leiðir eru farnar til að koma til móts við nemendur. Gott stoðkerfi undirstrikar það viðhorf að sérhver nemandi sé mikilvægur og fái notið góðrar skólagöngu.

Mikið er lagt upp úr góðum og jákvæðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Þannig er lögð áhersla á að þegar einhverjum verður á sé málið leyst á uppbyggilegan hátt og að allir gangi upprettir frá borði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Hlustað er á viðhorf og vilja aðila skólasamfélagsins um skólastarfið og leitað eftir hugmyndum um hvernig bæta megi það.

Sem dæmi um verkefni á skólaárinu sem ýta undir góðan skólabrag er "góðgerðarhlaup" í september, fjölgreindarleikar í nóvember, þemadagar að vori, kynningar og fræðsluerindi fyrir foreldra og margt fleira.

Ábyrgð og skyldur nemenda, foreldra og starfsfólks skóla

(Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélags í grunnskólum)

Nemendur

- Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri þeirra og þroska.
- Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra.
- Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.
- Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.

Starfsfólk skóla

- Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.
- Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda.
- Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvoru tveggja. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans.

- Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemanda í öllu starfi á vegum skóla, þ. á. m. í útiveru á skólatíma og í ferðum utan skólalóðar á vegum skólans.

Foreldrar

- Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

- Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.

- Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

- Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðiþjónustu og fræðsluyfirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.

- Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila.

Eineltisáætlun Salaskóla

Einelti eða annað ofbeldi er með öllu óásættanlegt. Skólayfirvöld, starfsfólk, nemendur, skólaráð og foreldrafélag vinna öll saman með markvissum og fjölbreyttum aðferðum til að útrýma einelti og tryggja öruggt skólaumhverfi. Í öllum árgöngum er unnið samkvæmt forvarnaráætlun Salaskóla, sem leggur áherslu á að byggja upp jákvæð samskipti og styrkja sjálfsmynd nemenda. Skólinn leggur ríka áherslu á traust og virðingu, þar sem nemendum og starfsfólk líður vel og finni fyrir öryggi innan skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Eineltisteymi skólans hefur umsjón með fyrirbyggjandi starfi og stuðlar að því að unnið sé í samræmi við eineltisáætlun skólans. Einstök mál eru unnin samkvæmt skilgreindu verklagi Salaskóla og tekin fyrir í nemendaverndarráði eða lausnateymi eftir því sem við á.

Hvað er einelti?

Salaskóli styðst við eftirfarandi skilgreiningu á einelti og túlkar hana rúmt, þannig að fleiri mál eru tekin til skoðunar en færri. Einstaklingur er lagður í einelti ef hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði af hálfu eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Einelti hefur þær afleiðingar að þolanda líður illa og finnur fyrir varnarleysi, sem getur haft langvarandi áhrif á andlega og líkamlega heilsu.

Dæmi um líkamlegt ofbeldi: sparka, slá, kýla, hrinda.
Dæmi um andlegt ofbeldi: uppnefna, niðurlægja, baktala, útiloka, hunsa.
Dæmi um stafrænt ofbeldi: særandi/niðrandi skilaboð, útilokun úr stafrænum hópum, dreifing orðróms og birting eða dreifing mynda, myndbanda eða annarra upplýsinga án samþykkis.

Tilkynning um einelti

Salaskóli hvetur alla nemendur sem telja sig eða aðra verða fyrir einelti að segja frá því. Nemendur geta leitað til kennara, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, skólastjórnenda og/eða foreldra/forráðamanna. Mikilvægt er að bíða ekki með að tilkynna þar sem snemmtæk íhlutun og rétt viðbrögð geta komið í veg fyrir að málið þróist og að hægt verði að veita aðstoð sem fyrst. Ávallt er stuðlað að því að nemendur finni til öryggis og viti að á þá sé hlustað og að brugðist verði við með viðeigandi hætti til að leysa málið á farsælan máta.

Hvernig tekið er á einelti?

Þegar grunur vaknar um einelti eða skólanum berst tilkynning er um leið hafist handa við að kanna málið og afla upplýsinga. Rætt er við þann nemanda/nemendur sem tilkynningin varðar og aðra nemendur sem koma að málinu, eftir því sem við á. Foreldrar eða forráðamenn viðkomandi nemenda eru upplýstir og hafðir með í ráðum samkvæmt verklagi skólans.

Uppeldi til ábyrgðar

Salaskóli vinnur eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og hefur gert það frá árinu 2007. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og leiðir til að auka sjálfstraust sitt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjörnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Forvarnaráætlun Salaskóla

Forvarnaráætlun skólans nær til allra árganga í skólanum. Samkvæmt forvarnaráætluninni á að fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess á hverju ári. Einnig er uppeldi til ábyrgðar nýtt sem forvarnarstarf. Empower Youth er mennta- og velferðarverkefni í 8. bekk. Þar eru nemendum kenndar aðferðir til að byggja upp seiglu, takast á við streitu og skilja tilfinningar sínar. Nemendur eru virkir þátttakendur í náminu og hafa áhrif á þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir hverju sinni. Aðrar forvarnir fara m.a. fram sem fræðsla fyrir nemendur, t.d. hjá skólahjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa, skólasálfræðingi og ýmsum utanaðkomandi aðilum, svo sem Ástráði (félag læknanema) og öðrum viðurkenndum aðilum í forvarnarfræðslu. Forvarnaráætlun er hægt að nálgast á heimasíðu skólans. Forvarnaráætlun er uppfærð reglulega eins og aðrar áætlanir en það eru náms- og starfsráðgjafi og félagsráðgjafi sem halda utan um hana.

Skólareglur Salaskóla

Skólareglur Salaskóla voru á sínum tíma unnar í samráði starfsfólks, nemenda og foreldra. Á yfirstandandi skólaári verða skólareglur endurskoðaðar, með það að markmiði að stytta og einfalda reglurnar og færa þær í nýjan búning. Markmiðið er að reglurnar séu aðgengilegar, skýrar og einfalt að fylgja þeim.

Neðangreindar skólareglur eru núgildandi reglur sem verða endurskoðaðar í vetur:

1. *Samskipti í skólasamfélaginu skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitsemi. Nemendur, starfsmenn og foreldrar eiga að koma vel fram og stuðla*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

þannig að góðum skólabrag. Hvers kyns ofbeldi, líkamlegt eða andlegt er ekki liðið.

2. *Nemendur eiga að hlýða starfsfólki skólans og taka leiðbeiningum þess vel.*
3. *Gestir sem koma í skólann eiga að koma fyrst á skrifstofu skólans og gera grein fyrir sér. Foreldrar sem ætla að ná tali af kennara eða skólastjórnendum verða að óska eftir viðtali með fyrirvara.*
4. *Nemendur skulu sinna vinnu sinni og starfi í skólanum af kostgæfni og leggja sig fram um að gera eins vel og þeir geta. Þeir skulu sýna umburðarlyndi og leggja sig fram við að skapa góðan vinnuanda.*
5. *Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags í síma 441 3200 eða á netfangið salaritari@kopavogur.is . Veikindi sem vara allan daginn er einnig hægt að skrá í Mentor. Fari nemandi veikur heim úr skólanum þarf að tilkynna það á skrifstofu skólans í síma eða með tölvupósti. Að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.*
6. *Leyfi allt að tveimur dögum veitir umsjónarkennari, en lengri leyfi sækja foreldrar um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar, sjá hlekk á heimasíðu skólans.*
7. *Ganga skal vel um jafnt innan dyra sem utan og fara vel með allar eigur skólans.*
8. *Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar í skólahúsnæði og á skólalóð Salaskóla á skólatíma með leyfi skólastjórnar.*
9. *Nemendur 1. – 7. bekkjar fara í útivist á hverjum degi og þurfa því að koma klæddir í samræmi við það. Ef nemandi þarf af einhverjum ástæðum að vera inni geta foreldrar óskað eftir því og þurfa þá að senda skriflega beiðni um það til umsjónarkennara. Nemendur í 1. – 7. bekk eiga einnig að vera á skólalóðinni og mega ekki yfirgefa hana nema að fengnu leyfi umsjónarkennara. Hætta skal leikjum um leið og skólabjallan hringir og fara í kennslustundir í samræmi við þær reglur sem gilda í bekknum. Samskipti nemenda í útivist skulu einkennast af félagsanda, tillitssemi og virðingu fyrir skólafélögum og starfsfólki skólans. Þegar nemendur eru í útivist sinna starfsmenn skólans gæslu og aðstoða nemendur og leiðbeina ef með þarf.*
10. *Nemendur í 1. – 7. bekk geta keypt áskrift að ávöxtum á morgnana, ella skulu þeir koma með hollt og gott nesti í skólann. Þeir hafa aðgang að vatni og mjólk í skólanum. Heimilt er að neyta annarra svaladrykkja á skólaskemmtunum.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Óheimilt er að neyta sælgætis á skólatíma og gosdrykkir og orkudrykkir eru bannaðir á skólatíma.

11. *Notkun hjóla, hjólabretta, hlaupahjóla og vélhjóla er ekki leyfð á skólalóðinni á skólatíma. Þessi farartæki á að geyma við hjólagrindur utandyra.*
12. *Notkun farsíma, hvers kyns tölva og annars sem getur truflað nám og kennslu er með öllu óheimil í kennslustundum nema kennari hafi heimilað notkunina. Ef nemandi hlýðir ekki fyrirmælum kennara verða foreldrar að taka ábyrgð á tækinu og notkun þess, t.d. sækja símann í skólann.*
13. *Skólinn tekur hvorki ábyrgð á persónulegum munum nemenda né fjármunum.*
14. *Hvers kyns notkun vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.*
15. *Starfsmönnum skólans er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í slíkum tilvikum skal ávallt greina foreldrum frá málavöxtum.*
16. *Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur í bekkjum sínum í samráði við nemendur enda falli þær innan ramma skólareglna.*
17. *Skólareglur Salaskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.*

Markmið með skólareglum Salaskóla eru að:

- *nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, notið hæfileika sinna og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans,*
- *stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti,*
- *allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós,*
- *stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi,*
- *haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda, þroska og hæfni þeirra, með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi,*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Brot á reglum

Ef nemandi brýtur reglur skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á. Verði samt ekki breyting til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjórnenda og annarra sérfræðinga eða ráðgjafa skólans. Skili það ekki árangri eða ef málið er mjög alvarlegt leitar skólinn aðstoðar menntasviðs og velferðarsviðs Kópavogsbæjar. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um úrlausn málsins. Við skiptum alvarleika brota í þrjá flokka.

Flokkur 1

Í flokki 1 eru brot eins og

- *þras / ögrun / rifrildi*
- *trufla vinnu eða leiki annarra*
- *ganga illa um*
- *fara út af skólalóðinni*
- *hávaði*

***Viðbrögð*:**

- *Nemandinn fær tiltal og leiðbeiningar frá kennara*

Flokkur 2

Í flokki 2 eru brot eins og

- *ókurteisi*
- *særandi eða niðrandi orðbragð*
- *fordómar í garð annarra*
- *óhlýðni við starfsfólk*
- *ósannsögli, svik, svindl*
- *stríðni, hrekkir*

Viðbrögð:

- *Kennari hefur samband við foreldra og skráir atvikið. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun eru foreldrar boðaðir til fundar ásamt nemanda.*

- *Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund. Tryggja skal að skólastjórnandi eða sérfróður ráðgjafi í skólanum taki við nemandanum og ræði við hann um agabrotið. Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara. Einnig skal nemanda gefinn kostur á því að tjá sig um málið.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Flokkur 3

Í flokki 3 eru brot eins og

- *ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, þar með talið einelti*
- *ógnandi hegðun, áhættuhegðun og alvarlegar hótanir*
- *skemmdarverk*
- *þjófnaður*
- *meðferð vopna og hættulegra efna*
- *notkun ávana- og / eða fíkniefna, þar með talið áfengi, tóbak og rafrettur*
- *óheimil myndataka*

Viðbrögð:

- *Starfsmaður vísar málinu samstundis og án umræðu til skólastjórnenda sem taka ákvörðun um farveg þess. Málið er jafnframt kynnt í nemendaverndarráði og skráð í fundargerðabók ráðsins. Skólastjórnendur meta hvort tilkynna skuli málið til viðeigandi yfirvalda eða lögreglu.*

- *Skólastjórnendur hafa samband við foreldra svo fljótt sem auðið er.*

- *Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum getur skólastjóri vísað honum úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólayfirvöldum tafarlaust þá ákvörðun, sbr. 14. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnsýslulaga.*

- *Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna og ber að bæta tjónið.*

- *Áhersla er lögð á að vinna alvarleg mál hratt og örugglega.*

Reglur um notkun á spjaldtölvum og símum í Salaskóla

1. Nemendum í 1. - 7. bekk er óheimilt að nota síma á skólatíma. Ef þeir eru með síma eiga þeir að geyma þá í skólatöskunni sinni þar til skóla lýkur. Síminn verður að vera þannig stilltur að hann hvorki gefi frá sér hljóð né hreyfist.

2. Nemendur í 8. - 10. bekk mega ekki nota síma á skólatíma, hvorki í kennslustundum eða frítíma.. Ef síminn kemur með í skólann þá á hann að vera geymdur í skólatöskunni eða í læstum skáp nemandans. Símar eiga að vera þannig stilltir að þeir hvorki gefi frá sér hljóð né hreyfist.

3. Spjaldtölvan er fyrst og fremst tæki til náms og kennslu sem á að nota í skólanum undir stjórn kennara. Kennari ákveður hvenær á að nota spjaldtölvu við námið og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

hvenær hún er ekki í notkun. Þegar spjaldtölvan er ekki í notkun í kennslustund á að geyma hana lokaða á horni borðsins eða ofan í tösku. Spjaldtölvan á að vera á hljóðlausri stillingu í kennslustundum.

4. Myndatökur eru með öllu bannaðar í skólanum og á skólalóð nema með leyfi kennara eða skólastjórnenda. Sama gildir um íþróttamiðstöð og í ferðum á vegum skólans.

5. Nemendur í 5. – 7. bekk eiga að geyma spjaldtölvur sínar í kennslustofu í frímínútum og kennsluhléum.

6. Nemanda í 5. - 10. bekk er heimilt að taka spjaldtölvuna með sér heim að loknum skóladegi en skal hafa hana með sér í skólann daginn eftir fullhlaðna. Notkun tækisins heima skal vera í samráði við forráðamenn og skal nemandi fylgja þeim reglum sem gilda á heimilinu. Ef nemandi fylgir ekki þeim reglum sem foreldrar setja getur foreldri óskað eftir því að tækið sé geymt í skólanum.

7. Nemandi og foreldrar bera ábyrgð á notkun spjaldtölvunnar meðan nemandinn hefur hana til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra að nemandi eigi í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.

8. Hver árgangur getur sett sér sérstakar reglur um spjaldtölvunotkun en þær verða að vera innan þess ramma sem þessar reglur setja.

Reglur í matartíma

1. Nemendur fara í röð þegar þeir koma í matsalinn og bíða rólegir eftir að röðin komi að þeim.

2. Nemendur fá hæfilegan skammt á sinn disk og fá sér sjálfir grænmeti af salatbarnum á diskinn. Ganga svo rólega með matinn til sætis.

3. Ef nemandi vill fá meira að borða fer hann aftur í röðina með diskinn sinn. Tveir skammtar er flestum nemendum nóg ef þeir hafa skammtað sér hæfilega.

4. Matartíminn á að vera róleg stund. Þar eiga allir að tala með inniröddinni við þá sem sitja nálægt.

5. Ekki má vera með spjaldtölvur í matsal á matartíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

6. Nemendur sýna góða borðsiði og ganga snyrtilega um matinn sinn. Þeir eiga að leggja sig fram við að gera matartímann að ánægjulegri stund.
7. Nemendur ganga frá eftir sig, þurrka af borðinu og fara með diska, hnífapör og glös á vagninn.
8. Þegar nemendur eru búnir að borða þakka þeir starfsfólki eldhússins fyrir sig. Ef einhverjum líkar ekki maturinn, segir hann t.d. „Þessi matur fellur ekki að mínum smekk“ í stað þess að tala um vondan mat.

Punktakerfi í 8. - 10. bekk

Markmiðið með punktakerfinu er að stuðla að góðri hegðun og skólasókn og veita nemendum gott aðhald.

Mætingar, ástundun og hegðun

Nemandi byrjar með 10 í einkunn. Ef hann fær punkta, þá lækkar sú einkunn. Fjórir punktar lækka um einn heilan. Punktar eru gefnir fyrir eftirfarandi:

Of seint	*1 punktur*
Óheimil fjarvist úr kennslustund	*2 punktar*
Skilar ekki heimavinnu	*1 punktur*
Mætir ekki með heimavinnu	*1 punktur*
Óvirkur í tíma	*1 punktur*
Fylgir ekki fyrirmælum	*1 punktur*
Truflar í tíma	*1 punktur*
Fer ekki eftir skóla- /bekkjarreglum	*1 punktur*

Punktar sem gilda aðeins í íþróttahúsi

Kemur ekki með íþróttaföt	*1 punktur*
Fylgir ekki reglum í íþróttahúsi	*1 punktur*

Punktar sem ekki teljast með í einkunn

Kemur með miða í íþróttir/sund	*1 punktur*

Tækifæri til að hækka einkunn

Einkunn kemur fram á vitnisburði nemenda í janúar og júní. Nemandi getur sótt um að hækka einkunn sína einu sinni á önn. Sótt er um til umsjónarkennara. Með því að vera punktalaus í eina viku falla niður tveir punktar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Viðbrögð:

- *Allir kennarar skrá í Mentor.*
- *Umsjónarkennarar fylgjast með punktastöðu nemenda sinna og láta þá vita hver staðan er.*
- *Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með punktastöðunni í Mentor.*
- *Ekki er hægt að afskrifa punkta sem eru meira en viku gamlir nema með samningi.*

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Salaskóli fylgir samræmdu verklagi Kópavogsbæjar vegna ófullnægjandi skólasóknar. Verklagið byggir á þrepaskiptum viðbrögðum og tekur bæði til veikinda og leyfa annars vegar og fjarvista hins vegar. Viðbrögð taka mið af stöðu hvers nemanda og lögð er áhersla á samstarf við nemanda og foreldra eða forráðamenn.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Kafli 7

Skólaráð, foreldrafélag, nemendaráð og aðrar nefndir/teymi innan skóla

Ýmis ráð og nefndir starfa samkvæmt lögum og reglugerðum og hafa það hlutverk að veita skólastarfinu aðhald eða koma að ákvarðanatöku og/eða stefnumótun.

Skólaráð

Skólaráð Salaskóla er lögbundinn samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Hlutverk ráðsins er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra hópa innan skólans heyrast. Ráðið tekur þátt í stefnumörkun, fjallar um og gefur umsögn um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða starfsemi og rekstur skólans.

Helstu áherslur og skipulag ráðsins:

- **Stefnumörkun og umsagnir:** Ráðið fjallar um og gefur umsögn til skólans og menntasviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið. Það fylgist með því að áætlanir séu kynntar foreldrum og fær til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólastarfinu.
- **Velferð og aðbúnaður:** Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda innan skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- **Fundarstörf og gagnsæi:** Ráðið fundar að jafnaði 5–7 sinnum yfir skólaárið með skólastjórnendum. Skólastjóri starfar með ráðinu og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Fundargerðir ráðsins eru reglulega gerðar aðgengilegar öllu skólasamfélaginu á heimasíðu skólans. Funda- og starfsáætlun skólaráðs.

Skipan skólaráðs:

Í skólaráði sitja fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila skólasamfélagsins:

- **2 fulltrúar** foreldra: Kristinn Ingvason og Aldís Eva Kristjánsdóttir.
- **2 fulltrúar** nemenda: Patrekur Leó eða Íris Björk 9. bekk og Birta Guðrún 10. bekk.
- **2 fulltrúar** kennara: Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir og Jóhanna Pálsdóttir.
- **1 fulltrúi** annarra starfsmanna skólans: Benedikt Þór Guðmundsson.
- **1 fulltrúi** grenndarsamfélagsins: ákveðið að hafa viðbótarfulltrúa úr hópi nemenda
- **Skólastjóri** (sem stýrir starfi ráðsins) auk **aðstoðarskólastjóra** sem starfar sem ritari og áheyrnarfulltrúi ráðsins.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Salaskóla er samstarfsvettvangur allra foreldra og forráðamanna nemenda við skólann. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli heimila og skóla, styðja við skólastarfið og stuðla að almennri velferð og ánægju nemenda í leik og starfi. Starfið byggist á skipulögðu samstarfi á milli skólans og foreldra í hverjum árgangi.

Helstu áherslur og skipulag félagsins:

- **Stjórn og fundarstörf:** Stjórn félagsins fundar reglulega. Í stjórn félagsins sitja Kristinn Ingvason, Aldís Eva Kristjánsdóttir, Inga Ragna Ingjaldsdóttir og Karen Rúnarsdóttir. Stjórnarskipti fara fram á aðalfundi að vori.

- **Bekkjarfulltrúar og nefndir:** Tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi til að halda utan um félagslegt árgangastarf í samráði við kennara. Einnig hvetja þeir til þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins. Foreldrar skipa einnig ýmsar starfsnefndir á vegum félagsins eftir þörfum.

- **Öryggi og fræðsla:** Félagið stendur fyrir reglulegu foreldrarölti um Salahverfi á föstudags-/laugardagskvöldum til að stuðla að öruggu umhverfi, auk þess að skipuleggja fjölbreytt fræðsluerindi fyrir foreldrasamfélagið.

Fastir árlegir viðburðir:

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026

- **Ljósaganga á aðventu:** Haldin í byrjun desember þar sem safnast er saman við skólann, notið tónlistar og gengið um nágrennið áður en boðið er upp á heitt súkkulaði og smákökur.
- **Páskabingó:** Vegleg og ósvikin skemmtun með glæsilegum vinningum sem haldin er rétt fyrir páskaleyfi.
- **Vorhátíð:** Sannkölluð hverfishátíð í maí mánuði þar sem nemendur og foreldrar koma saman til að leika, borða góðgæti og skemmta sér.

Hægt er að koma málum á framfæri við stjórnina með því að senda tölvupóst á **foreldrafelagsalaskola@gmail.com**. Foreldrar eru jafnframt hvattir til að fylgjast með starfseminni á Facebook-síðu félagsins.

Nemendaráð

Nemendaráð Salaskóla er samstarfsvettvangur nemenda sem vinnur að hagsmuna-, velferðar- og félagsmálum þeirra. Hlutverk ráðsins er að efla lýðræðislegt uppeldi, gefa nemendum skapandi rödd í skólastarfinu og stuðla að virkri þátttöku þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku innan skólans.

Helstu áherslur og verkefni nemendaráðs:

- **Lýðræði og áhrif:** Ráðið heldur regluleg nemendaþing til að kalla eftir hugmyndum og skoðunum nemenda, og fylgir niðurstöðum þeirra eftir í samstarfi við stjórnendur. Fulltrúar nemenda eiga jafnframt sæti í skólaráði.
- **Félagslíf og skólabragur:** Nemendaráð tekur virkan þátt í að skipuleggja fjölbreytta viðburði, þemadaga og félagsstarf í samstarfi skólans og félagsmiðstöðvar, sem styrkir félagsleg tengsl og jákvæðan skólabrag.
- **Ytra samstarf:** Fulltrúar ráðsins taka þátt í barna- og ungmennaþingum á vegum Kópavogsbæjar, þar sem hagsmunum og raddum ungs fólks er miðlað áfram í samfélaginu.

Starf nemendaráðs byggir á gagnkvæmri virðingu, ábyrgð og vilja til að gera Salaskóla að enn betri vinnustað fyrir alla nemendur. Í ráðinu eru: Kristján Sigfús og Snæfríður Sóley 8. bekk, Patrekur Leó og Íris Björk 9. bekk og Birta Guðrún 10. bekk.

Eineltisteymi

Eineltisteymi Salaskóla hefur umsjón með fyrirbyggjandi starfi gegn einelti og stuðlar að því að unnið sé í samræmi við eineltis- og forvarnaráætlun skólans. Í eineltisáætlun

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Salaskóla kemur fram að teymið hafi umsjón með fyrirbyggjandi starfi, en einstök mál séu unnin samkvæmt skilgreindu verklagi og tekin fyrir í nemendaverndarráði eða lausnateymi eftir því sem við á.

Í eineltisteymi sitja að jafnaði félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri. Þegar unnið er með einstök mál koma jafnframt að teyminu umsjónarkennarar viðkomandi árgangs og deildarstjóri þess stigs sem nemandinn tilheyrir. Aðrir kennarar eða starfsmenn eru kallaðir til eftir þörfum með hliðsjón af eðli máls, aðkomu þeirra að nemendum og því hvernig þeir geta komið að úrlausn málsins.

Félagsráðgjafi skólans er Þóra Björg Garðarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi er Tinna Líf Baldvinsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Linda Hrönn Helgadóttir og skólastjóri er Kristín Sigurðardóttir.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd Salaskóla vinnur að öryggis- og vinnuverndarmálum innan skólans og stuðlar að öruggu starfs- og skólaumhverfi. Nefndin kemur að eftirfylgni öryggismála og að því að vekja athygli á atriðum sem geta haft áhrif á öryggi og aðbúnað nemenda og starfsfólks.

Í öryggisnefnd Salaskóla skólaárið 2026–2027 sitja:

- Hulda Björnsdóttir, deildarstjóri miðstigs.
- Benedikt Þór Guðmundsson, húsvörður.
- Stefanía Lilja Óladóttir, skólaliði.
- Agnes Þorleifsdóttir, kennari.

Nemendavernd og farsæld barna

Starfsfólk skólans gerir sitt besta til að vera vakandi yfir velferð nemenda. Vanlíðan getur birst í óæskilegri hegðun, s.s. fjarvistum, ofbeldi, vanrækslu í námi, einelti o.s.frv. Nemendaverndarráð eða lausnateymi halda utan um þessi mál og grípa inn í þegar þess þarf í samráði við umsjónarkennara. Auk þeirra eru nemendur sjálfir og foreldrar þeirra lykilaðilar þegar kemur að velferð nemenda.

Lykilaðilar sem koma að farsæld og velferð nemenda eru tengiliðir vegna farsældar. Þeir sjá m.a. um samþættingu mála samkvæmt nýjum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir vegna farsældar í Salaskóla eru Berglind Þyrí Finnbogadóttir deildarstjóri sérkennslu, Gígja Jónsdóttir þroskaþjálfi og Þórunn Guðrún Einarsdóttir þroskaþjálfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðiþjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðþjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra.

Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námi, þroska og líðan nemenda sinna, aðstoða þá eftir föngum og gefa þeim góð ráð í persónulegum málum. Umsjónarkennari er í samstarfi við foreldra og vísar til nemendaverndarráðs þeim málum sem undir það falla.

Hlutverk nemenda er að stunda nám sitt af kostgæfni og sýna alúð í vinnu og samskiptum.

Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, vera ábyrgir fyrir framkomu, skólasókn og heimavinnu barna sinna og vakandi yfir líðan þeirra, námsgengi og félagslegri stöðu og eiga uppbyggileg samskipti við aðra foreldra um börnin.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Í því sitja Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, Linda Hrönn Helgadóttir aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er formaður ráðsins, Berglind Þyrí Finnbogadóttir deildarstjóri sérkennslu, Þóra Björg Garðarsdóttir félagsráðgjafi, Tinna Líf Baldvinsdóttir námsráðgjafi, Erlendur Erlingsson sálfræðingur og Eva Brynjarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess sitja fundina forstöðumenn frístundar og félagsmiðstöðvar, Kristrún Sveinbjörnsdóttir og Tinna Heimisdóttir, þegar fjallað er um mál er snúa að þeirra starfsemi. Umsjónarkennarar vísa málum til nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fundar vikulega, á mánudögum kl. 11:00. Nokkra fundi á hverri önn sitja sérfræðingar frá menntasviði Kópavogsbæjar eða félagsráðgjafi frá barnavernd.

Ársáætlanir ráða, nefnda, teyma og félaga 2026–2027

Ráð/teymi	Helstu verkefni og markmið	Tímasetning / tíðni	Ábyrgð	Eftirfylgni
Skólaráð	Fjallar um starfsáætlun, skólanámskrá, umbótastarf og önnur lögbundin verkefni skólaráðs	5–7 fundir yfir skólaárið	Formaður skólaráðs / skólastjóri	Fundargerðir og yfirferð að vori
Foreldrafélag	Stuðla að öflugu samstarfi heimila og skóla og styðja við samfélag, velferð og félagsstarf nemenda	Starfar allt skólaárið samkvæmt eigin starfsáætlun	Stjórn foreldrafélags	Starf og verkefni kynnt skólasamfélaginu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Nemendaráð	Kemur sjónarmiðum nemenda á framfæri og vinnur að félags- og skólastarfi	Reglulega yfir skólaárið	Umsjónarmaður nemendaráðs	Starfið metið að vori
Eineltisteymi	Fyrirbyggjandi starf, fræðsla og úrvinnsla mála samkvæmt áætlun skólans	Regluleg yfirferð og eftir þörfum	Teymið	Árleg yfirferð verklags
Öryggisnefnd	Vinnur að öryggismálum, rýmingu og vinnuumhverfi og fylgir úrbótum eftir	Samkvæmt fundaráætlun og eftir þörfum	Öryggisnefnd	Skráning og eftirfylgni úrbóta
Nemendavernd / farsæld	Samhæfir stuðning og vinnur að farsæld og velferð nemenda	Samkvæmt föstu fundaskipulagi	Teymið	Regluleg eftirfylgni

Kafli 8

Foreldrasamstarf

Það er hefð fyrir mjög öflugu foreldrastarfi við Salaskóla. Gott og uppbyggilegt foreldrastarf getur skipt sköpum hvað skólagöngu barna varðar og það er alltaf mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir um starfið í skólanum og sýni vilja til samstarfs. Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru hluti af foreldrahópi Salaskóla rétt eins og í samfélagi okkar allra. Við skólabyrjun, í foreldraviðtölum og á öðrum fundum er notast við túlkaþjónustu til að auðvelda samskipti við þá sem ekki hafa vald á íslensku. Á heimasíðu skólans eru hnappar sem hægt er að ýta á til að þýða efni síðunnar yfir á ensku og átta önnur algeng tungumál. Við inntöku nýrra nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn leggja skólastjórnendur og kennarar sig fram um að kynna foreldrum gagnlegar upplýsingar, svo sem starfsemi og þjónustu félagsmiðstöðva, íþrótta- og tómstundastarfs, upplýsingasíður o.fl..

Viðmið vegna foreldrasamskipta

Ef foreldri þarf að ná sambandi við kennara:

- Ef foreldri þarf fund með umsjónarkennara þá á að senda ósk þar um í tölvupósti á umsjónarkennarateymi þess árgangs sem um ræðir. Einnig er hægt að hringja á skrifstofu skólans og leggja fyrir skilaboð og kennarar hafa þá samband til baka.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Ef foreldri þarf fund með öðrum kennara en umsjónarkennara er hægt að senda tölvupóst á viðkomandi kennara eða hringja á skrifstofu skólans og leggja fyrir skilaboð. Kennari hefur þá samband til baka.

- Ef foreldri þarf að ná símasambandi við kennara á að hringja á skrifstofu skólans og leggja inn beiðni um að viðkomandi kennari hringi til baka. Kennari hringir samdægurs eftir kennslu ef erindið er brýnt en annars í síðasta lagi daginn eftir. Mikilvægt er því að það komi fram hvort erindið þoli bið eða ekki.

- Foreldrar eiga almennt ekki að hringja í kennara eða starfsfólk skóla utan dagvinnutíma, nema mjög brýna nauðsyn beri til.

Tölvupóstur til kennara / samfélagsmiðlar

- Kennarar svara tölvupósti foreldra eftir kennslu og að jafnaði innan tveggja daga frá því hann berst. Það getur þó dregist, t.d. vegna veikinda, og þá best að snúa sér til skrifstofu skólans.

- Foreldrar geta ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs og því er betra ef erindið er brýnt að hringja á skrifstofu skólans.

- Foreldrar eiga ekki undir neinum kringumstæðum að senda kennurum skilaboð á samfélagsmiðlum.

Athugið

- Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki á skrifstofu skólans eða í kennara með skilaboð sem ekki eru brýn, s.s. að mamma eða pabbi bíði út í bíl, að það megi fara heim með einhverjum eftir skóla o.s.frv. Sama gildir um tölvupóst með svipuðum skilaboðum. Ganga þarf frá öllu slíku við barnið áður en það fer í skólann. Ef upp koma ófyrirséð tilvik geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans.

- Foreldrar eru beðnir um að reyna ekki fyrirvaralaust að ná tali af kennara þegar þeir eru í kennslu eða eftir að kennslu lýkur, t.d. þegar þeir eru að sækja börn sín. Ef þeir þurfa að ná tali af kennara er bent á þær leiðir sem nefndar eru hér að ofan. Kennarar eru með þéttskipaða dagskrá eftir að kennslu lýkur og eru þá að sinna undirbúningi kennslustunda, samstarfi við aðra kennara, fundum með foreldrum og sérfræðingum, kennarafundum, endurmenntun og ýmsum öðrum verkefnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla

Leiðbeiningar fyrir foreldra

Hvenær á að nota tölvupóst?

- Koma upplýsingum á framfæri.
- Leita upplýsinga.
- Hrósa kennara/skóla fyrir það sem vel er gert.
- Gera athugasemdir um það sem þér finnst miður fara.

Hvenær á ekki að nota tölvupóst?

- Ekki ræða viðkvæm, persónuleg mál eða trúnaðarmál í tölvupósti – hringja og panta viðtal.
- Þegar maður er reiður og illa upp lagður.
- Tölvupóstur er ekki öruggur – Aðrir geta lesið póstinn.
    - Pósturinn getur "óvart" farið á annað/önnur netföng.
    - Ekki er hægt að eyða bréfi sem hefur verið sent eða breyta því á nokkurn hátt.
    - Ekki er 100% öruggt að tölvupósturinn skili sér, frekar en sniglapóstur.

Hafið tölvupósta ávallt hnitmiðaða og skýra.

- Ekki senda löng skeyti. Hafðu textann hnitmiðaðan og skýran, þannig að skilaboðin komist klárlega til skila. Fáir gefa sér tíma til að lesa langan texta í tölvunni.
- Viðtakandi getur "lesið á milli línanna" og túlkað póstinn á annan hátt en sendandi hafði ætlast til. Þess vegna þarf textinn að vera skýr og augljós. Varist hálfkveðnar vísur.

Sýnið alltaf kurteisi

- Aldrei skrifa bréf í reiði, varist að skrifa á ókurteisan, dónalegan eða ruddalegan hátt.
- Ef þú ert í vafa um hvort þú eigir að senda bréfið, ekki senda það. Láttu einhvern eða einhverja lesa það yfir.
- Það sem þú lætur fara frá þér í tölvupósti lýtur sömu lögum og annað ritað mál. Varastu því að láta frá þér fara óhróður um fólk og stofnanir.

Kafli 9

Viðfangsefni innra mats

Innra mat Salaskóla er hluti af stöðugu umbóta- og þróunarstarfi skólans. Markmið þess er að leggja reglulega mat á gæði skólastarfs, greina styrkleika og tækifæri til umbóta og nýta niðurstöður markvisst til að efla nám, kennslu og farsæld nemenda. Við matið er stuðst við fjölbreytt gögn og sjónarmið nemenda, foreldra og starfsfólks.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Árlega eru líðan og viðhorf nemenda í 6.–10. bekk könnuð með Skólapúlsinum. Skólapúlsinn er jafnframt nýttur til að kanna viðhorf foreldra og starfsfólks samkvæmt fyrirkomulagi kannananna. Á skólaárinu 2025–2026 voru bæði foreldrakönnun og starfsmannakönnun Skólapúlsins lagðar fyrir. Auk þess eru kannanir lagðar fyrir eftir þörfum um einstaka þætti skólastarfsins. Niðurstöður kannana eru nýttar ásamt öðrum gögnum við mat á skólastarfinu og mótun umbóta.

Á skólaárinu 2026–2027 taka nemendur í 5.–10. bekk í grunnskólum Kópavogs þátt í könnuninni *Rödd barna í Kópavogi 2026* sem unnin er í samstarfi við Planet Youth og leidd af menntasviði Kópavogsbæjar. Niðurstöður hennar verða nýttar ásamt öðrum gögnum til að varpa ljósi á líðan, viðhorf og reynslu nemenda.

Þátttaka og rödd nemenda

Þátttaka og rödd nemenda er mikilvægur þáttur í innra mati og umbótastarfi Salaskóla. Í skólanum eru haldin nemendaþing þar sem nemendur á ólíkum aldri ræða málefni sem tengjast námi, líðan, félagslífi og skólaumhverfi og koma hugmyndum sínum og umbótatillögum á framfæri.

Lýðræðisleg þátttaka nemenda birtist einnig í verkefni í samfélagsgreinum í 10. bekk þar sem nemendur stofna stjórnmálaflokka, móta stefnu og setja fram hugmyndir að umbótum í skólastarfinu. Nemendur í 8.–10. bekk taka þátt í kosningum og fulltrúar þess framboðs sem hlýtur flest atkvæði funda með skólastjóra og kynna áherslumál sín.

Ábendingar og hugmyndir nemenda hafa nýst vel í umbótastarfi Salaskóla og leitt til áþreifanlegra breytinga í skólastarfinu. Má þar nefna breytingar á matseðli skólamötuneytis, aðstöðu nemenda og bókakosti bókasafnsins, auk fjölbreyttari afþreyingarmöguleika innan- og utandyra í kennsluhléum. Með þessu er leitast við að tryggja að rödd og þátttaka nemenda hafi raunverulegt vægi í þróun skólastarfsins.

Áherslur í innra mati skólaárið 2026–2027

Helstu áherslur í innra mati Salaskóla á skólaárinu eru:

- **Þróun innra mats**
  Nýjar áherslur í innra mati verða innleiddar í samræmi við ákvarðanir menntaráðs Kópavogsbæjar sem koma til framkvæmda á skólaárinu.
- **Líðan, öryggi, þátttaka og rödd nemenda**
  Stuðst verður meðal annars við Skólapúlsinn, *Rödd barna í Kópavogi 2026*,

Skjal sótt af '000000000000' dags: 24.11.2026

nemendaþing og önnur gögn skólans til að fylgjast með líðan, viðhorfum og upplifun nemenda. Jafnframt verður horft til þátttöku þeirra í skólastarfinu og þess hvernig sjónarmið þeirra og umbótatillögur nýtast við þróun skólastarfsins.

- **Námsárangur og framfarir nemenda**
  Fylgst verður með stöðu og framförum nemenda meðal annars með niðurstöðum úr Matsferli og öðrum námsmatsgögnum skólans. Niðurstöðurnar verða nýttar til að greina styrkleika og áskoranir í námi, fylgjast með námsframvindu og styðja við ákvarðanir um áframhaldandi nám, kennsluhætti og stuðning við nemendur. Þetta er í samræmi við hlutverk Matsferils sem er ætlað að fylgjast með framvindu nemenda og styðja skóla við að skapa námsaðstæður sem taka mið af stöðu og fjölbreyttum þörfum þeirra.

- **Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina**
  Fylgst verður með áframhaldandi þróun fjölbreyttra kennsluhátta og samþættingu náms, meðal annars í *Oddaflugi* á miðstigi og *Flugi* á unglingastigi. Horft verður til þess hvernig vinnulagið styður við virkni og þátttöku nemenda og fjölbreytt tækifæri þeirra til náms.

- **Námsmat og upplýsingagjöf**
  Fylgst verður með þróun reglulegs og leiðbeinandi námsmats og skýrri framsetningu námsmarkmiða og námsmats. Jafnframt verður fylgst með innleiðingu breyttrar framsetningar lokamats og nýs námsmatskvarða eftir því sem þeirri vinnu vindur fram. Aðalnámskrá leggur áherslu á að mat á hæfni og framförum nemenda sé reglubundinn þáttur skólastarfs og órjúfanlegur frá námi og kennslu.

- **Læsi og þróun lestrarkennslu**
  Fylgst verður með framvindu þróunarstarfs á sviði læsis, meðal annars verkefninu *Lestur á mörkum skólastiga* og áframhaldandi innleiðingu PALS. Horft verður til þess hvernig þróunarstarfið styður við framfarir nemenda í læsi og mætir fjölbreyttum þörfum nemendahópsins.

- **Endurskoðun skólareglna með þátttöku nemenda**
  Á skólaárinu verður unnið að endurskoðun skólareglna með virkri aðkomu nemenda. Áhersla verður lögð á að sjónarmið þeirra komi fram í ferlinu og að endurskoðaðar reglur styðji við jákvæð samskipti, öryggi og ábyrgð og endurspegli gildi Salaskóla, **vináttu, virðingu og samstarf**.

Eftirfylgni og umbætur

Niðurstöður innra mats verða nýttar við ákvarðanatöku og skipulag umbóta. Horft verður til þess hvað gengur vel, hvar tækifæri eru til umbóta og hvaða aðgerða er þörf. Fylgst verður með framkvæmd umbóta og hvort þær skili tilætluðum árangri.

Þannig tengjast skólaþróun, símenntun og innra mat saman í samfelldu umbótaferli. Skólaþróun skilgreinir þau viðfangsefni sem skólinn vill þróa, símenntun styður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

starfsfólk við að koma þeirri þróun í framkvæmd og innra mat veitir upplýsingar um stöðu og framvindu og leggur grunn að næstu skrefum.

Kafli 10

Upplýsingar um stoðþjónustu

Hjúkrunarfræðingur

Heilsuvernd skólabarna í Salaskóla er á vegum Heilsugæslunnar í Salahverfi.

Skólahjúkrunarfræðingar eru Eva Brynjarsdóttir og Rakel Dís Björnsdóttir og skipta með sér viðverutíma sem er eftirfarandi:

Mánudagar kl. 8:00-16:00
Þriðjudagar kl. 9:00-16:00
Miðvikudagar kl. 8:00-12:00
Fimmtudagar kl. 8:00-12:00
Föstudagar kl. 8:00-12:00

Netfang skólahjúkrunarfræðings er: salaskoli@salus.is og sími 441-3200.

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna.

Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er veitt í öllum árgöngum og er áherslan á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.

1.bekkur: **Líkaminn minn** – Forvörn gegn kynferðislegu ofbeldi og **Hjálmanotkun**
2.bekkur: **Tilfinningar**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

3.bekkur: **Verkefnabók um 6H heilsunnar** (Hollusta, Hreyfing, Hamingja, Hugrekki, Hvíld og Hreinlæti)

4.bekkur: **Kvíði** og **Slysavarnir**

5.bekkur: **Samskipti**

6.bekkur: **Kynþroski** og **Endurlífgun**

7.bekkur: **Bólusetningar**

8.bekkur: **Líkamsímynd** og **Hugrekki**

9.bekkur: **Kynheilbrigði** og **Bólusetning**

10.bekkur: **Geðheilbrigði**, **Endurlífgun** og **Ábyrgð á eigin heilsu**

Markmið hverrar fræðslu eftir árgöngum er hægt að sjá á Heilsuvera.is

Skimanir

Skimað er fyrir ákveðnum þáttum tengdum heilbrigði og eru skimanir framkvæmdar í 1., 4., 7. og 9. bekk. Þær felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Nemendur í öðrum árgöngum eru skimaðir eftir þörfum. Ef frávik reynist í skimun er ávallt haft samband við forráðamann.

Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan

Þegar skimanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk ræðir skólahjúkrunarfræðingur við nemendur um líðan og lífsvenjur. Markmið viðtalanna er að styrkja vitund nemenda um eigið heilbrigði og líðan. Einnig að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur.

Bólusetningar

Bólusetningum er ætlað að verja einstaklinginn gegn alvarlegum smitsjúkdómum.

Í 7. bekk er bólusett við mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein sprauta), auk þess eru stúlkur bólusettar gegn HPV (Human papilloma veirum) sem geta valdið leghálskrabbameini. HPV bólusetning er gefin tvisvar með 6 mánaða millibili.

Í 9. bekk er bólusett við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt (ein sprauta).

Áður en kemur að bólusetningu er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um tímasetningu. Mikilvægt er að nemendur komi með bólusetningarskírteini sín í skólann þegar bólusetning fer fram.

Hafið samband við skólahjúkrunarfræðing ef:

- Nánari upplýsinga er óskað
- Talið er að barn sé ekki að fullu bólusett

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Óskað er eftir því að barn sé ekki bólusett

Það er á ábyrgð foreldra að velja hvort börn þeirra eru bólusett eða ekki.

Veikindi og slys

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild fara foreldrar með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af heilsuvernd skólabarna.

Langveik börn

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingur viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra alvarlega sjúkdóma. Þessum börnum sinnir heilsuvernd skólabarna í samráði við foreldra.

Lyfjagjafir – Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma.

Höfuðlús

Höfuðlús birtist reglulega í skólum landsins og er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna reglulega yfir skólaárið. Rétt er að láta skólann vita ef lús finnst í hári barns og skólahjúkrunarfræðingur getur leiðbeint varðandi lúsasmit.

Hnetulaus Salaskóli

Í Salaskóla eru nokkur börn með alvarlegt hnetuofnæmi. Salaskóli er því hnetulaus skóli. Hnetur geta valdið mjög slæmum einkennum hjá þeim nemendum sem hafa ofnæmi og viljum við því biðja alla að passa sérstaklega upp á að koma ekki með hnetur í skólann. Athugið að hnetur geta m.a. verið í brauði, kökum, orkustykkjum og jógúrti. Lesið innihaldslýsingar. **Hnetur mega alls ekki koma inn fyrir veggi skólans.**

Sálfræðingur

Við Salaskóla starfa skólasálfræðingar sem vinna greiningar- og ráðgjafarstörf. Skólasálfræðingur er Erlendur Egilsson og situr hann í nemendaverndarráði skólans. Einnig kemur Atli Viðar Bragason að tilteknum verkefnum sem skólasálfræðingur. Sálfræðingarnir eru að jafnaði í skólanum 3 daga í viku.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Talmeinafræðingur

Við Salaskóla er starfandi talmeinafræðingur og gegnir Ágústa Guðjónsdóttir því starfi. Hún sinnir greiningum og þjálfun og er að jafnaði með viðveru í skólanum 1-2 daga í viku.

Félagsráðgjafi

Við Salaskóla starfar félagsráðgjafi í 90% starfi sem styður við ýmis málefni nemenda og fjölskyldna þeirra. Einnig kemur félagsráðgjafi að forvarnarstarfi, styður við félags- og tilfinningaþroska nemenda og margt fleira. Félagsráðgjafi skólans er Þóra Björg Garðarsdóttir en hún er með viðtalstíma fyrir nemendur og foreldra eftir samkomulagi.

Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi starfar við Salaskóla í 100% starfi og sinnir ýmsum málefnum nemenda og forvarnarstarfi sem og stuðningi og ráðgjöf vegna tilfærslu grunnskólanemenda í framhaldsskóla. Náms- og starfsráðgjafi er Tinna Líf Baldvinsdóttir og er hún með viðtalstíma fyrir nemendur og foreldra eftir samkomulagi.

Sérúrræði

Við Salaskóla eru nokkrir sérkennarar og þroskaþjálfar. Þeir sinna kennslu og þjálfun nemenda í sérdeild sem og nemenda með tilteknar sértækar þarfir í námi, leik og félagslegum samskiptum. Sérkennsla og sértæk þjálfun fer sem mest fram í árgöngum nemenda en einnig býr skólinn yfir nokkrum litlum námsverum sem nýst geta smærri hópum. Berglind Þyrí Finnbogadóttir er deildarstjóri sérkennslu.

Önnur úrræði

Salaskóli leitar eftir þeirri sérfræðiaðstoð sem þurfa þykir hverju sinni. Má þar nefna kennsluráðgjafa menntasviðs, atferlisráðgjafa og aðra þjónustu og fræðslu frá sérfræðingum Menntasviðs.

Kafli 11

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Frístund og klúbbastarf

Að lokinni kennslu gefst nemendum í 1. – 4. bekk kostur á frístundastarfi til kl. 16:30. Þar fer fram formlegt og fjölbreytt hópastarf sem og tími fyrir börnin að leika við félagana, vera úti, lesa, hvíla sig og margt fleira. Á hverjum degi er fjölbreytt hópastarf þar sem lögð er áhersla á leiki, íþróttir, dans, leiklist, tölvunotkun og fleira. Frístundin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Uglusalir er opin alla daga sem skólinn starfar, hún er opin á skipulagsdögum með tveimur undantekningum og í jólafríi og páskafríi. Foreldrar greiða fyrir frístundina skv. gjaldskrá Kópavogsbæjar. Forstöðukona frístundar er Kristrún Sveinbjörnsdóttir.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar í Kópavogi hafa fengið aðstöðu í skólanum til hljóðfærakennslu þegar rými finnst fyrir þá starfsemi og er svo í vetur.

Skák og jóga

Í Salaskóla er hefð fyrir að kenna nemendum bæði skák og jóga. Á yfirstandandi skólaári er jóga í stundatöflu nemenda á yngri stigum sem og valgrein á unglingastigi, og skák er einnig valgrein á unglingastigi. Mikilvægi þessara námsgreina þarf ekki að tíunda en þær styðja m.a. við rökhugsun, hugleiðslu, slökun og vellíðan.

Félagsstarf nemenda

Hjá yngri nemendum er félagsstarf mest á ábyrgð og að frumkvæði foreldra, s.s. bekkjarskemmtanir og vinahópar. Við skólann starfar félagsmiðstöðin Fönix og er forstöðukona hennar Tinna Heimisdóttir. Þar eru síðdegis- og kvöldopnanir fyrir nemendur á mið- og unglingastigi auk þess sem boðið er upp á ýmis konar annað starf fyrir nemendur. Jólaball unglinga og árshátíð unglingadeildar er samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar.

Kafli 12

Símenntunaráætlun

Markmið og áherslur

Þróun kennsluhátta í takt við hraðar samfélagsbreytingar er viðvarandi verkefni sem lýkur í raun aldrei. Menntun fyrir alla kallar á fjölbreytta kennsluhætti og námsumhverfi sem tekur mið af margbreytileika nemendahópa og skapar öllum nemendum tækifæri til virkrar þátttöku, náms og farsældar.

Símenntun starfsfólks er mikilvægur þáttur í faglegu þróunarstarfi Salaskóla og miðar að því að efla sameiginlega þekkingu, fagmennsku og samstarf starfsfólks. Hún styður við þróun skólastarfsins með farsæld og velferð nemenda að leiðarljósi og tekur mið af gildum skólans, vináttu, virðingu og samstarfi.

Á skólaárinu verður áfram lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og reglulegt, leiðbeinandi námsmat. Markmiðið er að þróa kennsluhætti sem mæta fjölbreyttum

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026

þörfum nemenda og gera þeim kleift að taka virkan þátt í eigin námi. Samhliða verður unnið að sameiginlegum skilningi kennara á endurskoðun námsmats og framsetningu þess og hvernig nýta megi það markvisst til að styðja við nám og framfarir nemenda.

Kennarar munu sækja fræðslu og vinnufundi vegna nýs námsmatskvarða og innleiðingar hans.

Læsi og þróun lestrarkennslu

Læsi verður áfram ein af megináherslum símenntunar og þróunarstarfs skólans. Í upphafi skólaárs verður heilsdagsfræðsla fyrir starfsfólk og fræðslu og faglegri vinnu verður síðan fylgt eftir reglulega yfir skólaárið. Sigurlaug Rún Brynjólfsdóttir, kennsluráðgjafi Kópavogsbæjar, mun sinna fræðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk á þessu sviði.

Í tengslum við áherslu skólans á læsi og þróun lestrarkennslu sækja kennarar á yngsta stigi reglulega endurmenntun og faglega fræðslu í Byrjendalæsi. Fræðslan styður við áframhaldandi þróun kennsluhátta og sameiginlega faglega sýn á læsiskennslu.

Áfram verður unnið að þróunarverkefni um læsi í samstarfi við leikskóla, með það að markmiði að efla samfellu í mál- og læsisnámi barna og styrkja faglegt samstarf milli skólastiga.

Jafnframt verður haldið áfram með innleiðingu PALS-aðferða í lestrarkennslu, þar sem lögð er áhersla á markvissa kennsluhætti, virkni nemenda og nám í samvinnu.

Gervigreind og stafræn hæfni

Á skólaárinu verður lögð áhersla á faglega, ábyrga og skapandi nýtingu gervigreindar í skólastarfi. Fræðslan er hluti af sameiginlegu þróunarverkefni grunnskóladeildar og allra grunnskóla Kópavogs, *Gervigreind – uppspretta nýrra tækifæra?*, sem hlaut styrk úr Sprotasjóði í mars 2026.

Á skipulagsdegi á haustönn stendur öllum kennurum og öðrum sérfræðingum Salaskóla til boða staðbundin fræðsla um notkun gervigreindar í skólastarfi. Björn Kristjánsson hefur umsjón með grunnfræðslunni og hefur jafnframt útbúið stafrænt fræðsluefni og kennslumyndbönd sem verða aðgengileg á Eloomi á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar.

Að lokinni fyrstu fræðslu fá kennarar nokkrar vikur til að prófa sig áfram með gervigreind í eigin starfi, kanna möguleika hennar í námi, kennslu og undirbúningi og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

afla sér reynslu. Í kjölfarið kemur Björn Kristjánsson aftur í Salaskóla með eftirfylgni þar sem reynsla kennara er rædd, spurningum svarað og næstu skref mótuð.

Markmiðið er að efla þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í notkun gervigreindar og skapa sameiginlegan faglegan grunn fyrir gagnrýna, ábyrga og skapandi nýtingu hennar í skólastarfi. Fræðslan styður þannig bæði við starfsþróun kennara og áframhaldandi þróun kennsluhátta í Salaskóla.

Forritun og tæknilæsi

Á vorönn 2027 verður kennurum boðið upp á fræðslu í samstarfi við Skema um forritun og kennslu hennar. Fræðslan er liður í áframhaldandi þróun forritunar- og tæknimenntar við Salaskóla.

Lögð verður sérstök áhersla á hagnýta vinnu með þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem tengjast forritun og stafrænni hæfni. Kennarar fá stuðning við að útfæra hæfniviðmiðin í kennslu og tengja þau við verkefni sem henta aldri og þroska nemenda.

Markmiðið er að efla þekkingu og öryggi kennara í forritunarkennslu og gera þeim betur kleift að samþætta forritun, sköpun, rökhugsun og lausnaleit við nám nemenda.

Skyndihjálp og öryggi

Á vorönn 2027 verður boðið upp á skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk Salaskóla og frístundar. Námskeiðið verður haldið á skipulagsdegi í mars og aðkeyptir sérfræðingar sjá um fræðsluna.

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í að bregðast við slysum og bráðum veikindum og stuðla þannig að auknu öryggi nemenda og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Framkvæmd símenntunar

Áhersla	Framkvæmd	Tími	Markhópur / ábyrgð
Fjölbreyttir kennsluhættir	Fræðsla, faglegt samtal, ígrundun og þróun kennsluhátta	Allt skólaárið	Kennarar og stjórnendur
Leiðbeinandi námsmat	Sameiginleg fagleg vinna og þróun námsmats	Allt skólaárið	Kennarar og stjórnendur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Nýr námsmatskvarði	Fræðsla, fundir og undirbúningur vegna innleiðingar	Á skólaárinu eftir því sem innleiðingu vindur fram	Kennarar og stjórnendur
Gervigreind og stafræn hæfni	Staðbundin fræðsla, stafrænt fræðsluefni, prófun í eigin starfi og eftirfylgni	11. nóvember 2026 og eftirfylgni síðar á skólaárinu	Kennarar og aðrir sérfræðingar / Björn Kristjánsson
Forritun og tæknilæsi	Fræðsla frá Skema um forritunarkennslu með beina tengingu við hæfniviðmið aðalnámskrár og hagnýta útfærslu þeirra í kennslu	Vorönn 2027	Kennarar og aðrir sérfræðingar
Læsi	Heilsdagsfræðsla og regluleg fagleg eftirfylgni	Í upphafi skólaárs og reglulega yfir árið	Starfsfólk og stjórnendur
Byrjendalæsi	Endurmenntun og fagleg fræðsla	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar á yngsta stigi
PALS	Innleiðing, fræðsla, þróun kennsluhátta og eftirfylgni	Allt skólaárið	Viðkomandi kennarar og stjórnendur
Læsi milli skólastiga	Þróunarverkefni og faglegt samstarf við leikskóla	Allt skólaárið	Viðkomandi kennarar og stjórnendur
Skyndihjálp	Skyndihjálparnámskeið með aðkeyptum sérfræðingum	Skipulagsdagur í mars 2027	Allt starfsfólk skóla og frístundar
Eftirfylgni starfsþróunar	Umræða, ígrundun og miðlun á starfs- og fagfundum	Reglulega yfir skólaárið	Stjórnendur og starfsfólk

Eftirfylgni og mat

Símenntun er samofin þróunarstarfi Salaskóla og er ætlað að stuðla að sameiginlegum faglegum grunni meðal starfsfólks. Áhersla er lögð á að fræðsla leiði til ígrundunar, samstarfs og þróunar kennsluhátta í daglegu skólastarfi en sé ekki eingöngu bundin við einstök fræðsluerindi.

Fylgst verður reglulega með framkvæmd símenntunaráætlunarinnar á starfs- og fagfundum. Þar gefst starfsfólki tækifæri til að miðla reynslu, ígrunda eigin starfshætti og meta hvernig fræðsla og starfsþróun nýtist í daglegu skólastarfi.

Í lok skólaárs verður lagt mat á helstu áherslur símenntunar og hvernig þær hafa nýst í starfi. Niðurstöður matsins verða nýttar við mótun símenntunaráætlunar næsta skólaárs.

Helstu áherslur skólaársins í hnotskurn

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026

- Fjölbreyttir kennsluhættir og námsumhverfi sem tekur mið af margbreytileika nemendahópsins.
- Reglulegt og leiðbeinandi námsmat.
- Fræðsla og undirbúningur vegna nýs námsmatskvarða.
- Fræðsla og starfsþróun um gervigreind og ábyrga, gagnrýna og skapandi nýtingu hennar í skólastarfi.
- Fræðsla um forritun og tæknilæsi fyrir kennara með áherslu á hagnýta útfærslu hæfniviðmiða aðalnámskrár í kennslu.
- Fræðsla og sameiginleg fagleg vinna um læsi.
- Áframhaldandi starfsþróun kennara í Byrjendalæsi.
- Áframhaldandi innleiðing PALS-aðferða í lestrarkennslu.
- Þróunarverkefni um læsi og samstarf við leikskóla.
- Skyndihjálparfræðsla fyrir starfsfólk skóla og frístundar með áherslu á öryggi og viðbrögð við slysum og bráðum veikindum.
- Regluleg eftirfylgni, ígrundun og miðlun á starfs- og fagfundum.

Kafli 13

Viðbragðs- og rýmingaráætlun

Salaskóli leggur ríka áherslu á öryggi nemenda, starfsfólks og annarra sem dvelja í skólanum. Markmið viðbragðs- og rýmingaráætlunar skólans er að tryggja skýr, örugg og samræmd viðbrögð ef eldur, náttúruvá, heilsuvá eða annað hættuástand kemur upp. Áætlunin tekur meðal annars til rýmingar skólahúsnæðisins og viðbragða við jarðskjálftum, óveðri, eldgosum, öskufalli og veikindafaröldrum.

Skólastjóri ber ábyrgð á að gildandi áætlanir séu til staðar og að þær séu endurskoðaðar reglulega. Öryggisnefnd skólans kemur að kynningu, æfingum, eftirfylgni og endurskoðun. Ef vá kemur upp er öryggisteymi skólans kallað saman að beiðni skólastjóra eftir því sem aðstæður krefjast. Skólinn fylgir jafnframt fyrirmælum og leiðbeiningum viðeigandi yfirvalda og viðbragðsaðila.

Rýmingaráætlun

Markmið rýmingaráætlunar Salaskóla er að tryggja örugga, hraða og skipulega rýmingu skólahúsnæðisins ef eldur eða annað hættuástand kemur upp.

Í Salaskóla er brunaviðvörunarkerfi og frá hverju svæði skólans eru að minnsta kosti tvær flóttaleiðir eða aðgangur að rými með tveimur flóttaleiðum. Flóttaleiðamyndir og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

upplýsingar um rýmingu eru á völdum stöðum í byggingunni. Starfsfólki ber að kynna sér flóttaleiðir og tryggja skal að þær séu ávallt greiðfærar.

Þegar brunabjalla hljómar skal hefja rýmingu nema annað sé tilkynnt. Starfsfólk sem hefur umsjón með nemendum stýrir rýmingu á sínu svæði. Öryggi nemenda og starfsfólks hefur ávallt forgang.

Nemendum eru kennd þrjú einföld skref þegar brunabjalla hljómar:

1. **STÖÐVA**: Hætta því sem verið er að gera.
2. **RÖÐ**: Fara í röð og bíða fyrirmæla.
3. **FYLGJA**: Fylgja starfsfólki öruggustu leið út.

Við rýmingu skal starfsfólk:

- kanna hvort fyrirhuguð flóttaleið sé greið;
- taka með nafnalista og önnur nauðsynleg rýmingargögn;
- leiða nemendur rólega og skipulega eftir öruggustu leið út;
- loka dyrum þegar rými er yfirgefið, en ekki læsa þeim;
- ganga úr skugga um, eftir því sem aðstæður leyfa, að enginn verði eftir í rýminu;
- fylgja hópnum á fyrirfram ákveðið svæði á söfnunarstað;
- kanna hvort allir nemendur hafi skilað sér og koma upplýsingum áfram til söfnunarstjóra.

Ef hefðbundin flóttaleið er ófær skal velja aðra örugga leið. Sé engin örugg flóttaleið í boði skal halda kyrru fyrir í öruggu rými, loka dyrum og gera viðvart um staðsetningu hópsins. Enginn má fara aftur inn í bygginguna fyrr en stjórnendur eða viðbragðsaðilar hafa staðfest að það sé óhætt.

Söfnunarstaður

Söfnunarstaður Salaskóla er á körfuboltavellinum við sparkvöll vestan við skólann. Þar raðast nemendur eftir bekkjum og heimastofum á fyrirfram ákveðin svæði. Starfsfólk fer yfir nafnalista og kannar hvort allir nemendur hafi skilað sér. Söfnunarstjóri fær tafarlaust upplýsingar ef einhvern vantar og hvar viðkomandi sást síðast.

Ef ekki er unnt að fara aftur inn í skólann og þörf er á tímabundnu skjóli er hægt að nýta íþróttamiðstöðina Versali, þar sem samkvæmt rýmingaráætluninni er rými fyrir nemendur og starfsfólk skólans.

Nánari upplýsingar um ábyrgð og hlutverk starfsfólks, flóttaleiðir, söfnunarsvæði og framkvæmd rýmingar er að finna í Viðbragðs- og rýmingaráætlun Salaskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Viðbrögð við vá

Við vá sem hefur áhrif á skólastarf leggur Salaskóli áherslu á öryggi nemenda og starfsfólks, skýra ábyrgð, samræmd viðbrögð og tímanlega upplýsingagjöf.

Skólastjóri eða staðgengill hans stýrir viðbrögðum skólans og kallar saman stjórnendur og öryggisteymi eftir þörfum. Ef um bráða hættu er að ræða skal hringja í 112 og fylgja fyrirmælum viðbragðsaðila.

Skólinn fylgir hverju sinni leiðbeiningum frá Almannavörnum, lögreglu, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Veðurstofu Íslands, embætti landlæknis, sóttvarnalækni og Kópavogsbæ eftir því sem við á.

Upplýsingum til starfsfólks og foreldra eða forráðamanna er miðlað í gegnum upplýsingakerfi skólans, tölvupóst, vefsíðu og aðrar viðeigandi boðleiðir. Upplýsingar skulu vera skýrar, staðfestar og uppfærðar eftir því sem aðstæður breytast.

Viðbrögð við jarðskjálfta

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingunni. Á meðan skjálfti stendur yfir skal leita skjóls og fylgja viðbrögðunum:

KRJÚPA – SKÝLA – HALDA

Nemendur og starfsfólk skulu:

- krjúpa niður;
- leita skjóls undir traustu borði eða við burðarvegg;
- halda sér í skjólið;
- halda sig frá gluggum, skápum, ljósabúnaði og öðrum hlutum sem geta fallið eða færst úr stað;
- bíða eftir að skjálftinn gangi yfir.

Þegar skjálftinn er yfirstaðinn skal vera viðbúin eftirskjálftum og fylgja fyrirmælum stjórnenda og viðbragðsaðila. Stjórnendur meta hvort rýma þurfi skólann. Ef rýming er ákveðin er farið eftir rýmingaráætlun skólans og varast skal glerbrot, skemmdir og aðrar hættur.

Ekki má fara aftur inn í bygginguna fyrr en stjórnendur eða viðbragðsaðilar hafa staðfest að það sé öruggt. Kennarar fara yfir rétt viðbrögð við jarðskjálfta með nemendum á hverju skólaári.

Nánari upplýsingar eru á vef Almannavarna um jarðskjálfta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Röskun á skóla- og frístundastarfi vegna veðurs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur, fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, það hlutverk að fylgjast með veðri og veðurspám og miðla tilkynningum þegar þörf krefur, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðsluyfirvöld. Mikilvægt er að upplýsingar um mögulega röskun berist foreldrum og forráðamönnum eins fljótt og auðið er og séu uppfærðar eftir þörfum.

Starfsfólk skóla og frístundar fylgist með veðurspám og viðvörunum Veðurstofu Íslands og bregst við samkvæmt þeim. Viðvörunarkerfi Veðurstofunnar, gult, appelsínugult og rautt, er haft til hliðsjónar við mat á aðstæðum og upplýsingagjöf.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki sjálfkrafa niður vegna veðurviðvarana. Ef rauð viðvörun eða aðrar alvarlegar veðuraðstæður geta haft áhrif á skólastarf er ákvörðun um mögulega lokun tekin í samráði almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og fræðsluyfirvalda.

Foreldrar og forráðamenn meta sjálfir aðstæður í sínu nærumhverfi og hvort óhætt sé fyrir barn að fara í skólann. Ef þeir treysta sér ekki til að senda barn í skólann vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um fjarveruna.

Ef veður versnar meðan nemendur eru í skólanum er öryggi þeirra tryggt þar til hægt er að sækja þá eða aðrar ráðstafanir hafa verið ákveðnar. Upplýsingum um mögulega röskun er miðlað til foreldra og forráðamanna eins fljótt og auðið er og þær uppfærðar eftir þörfum. Leiðbeiningar SHS um röskun á skólastarfi

Viðbrögð við eldgosi, öskufalli og loftmengun

Ef eldgos, gosórói, öskufall eða loftmengun hefur áhrif á skólastarf fylgir Salaskóli tilkynningum og fyrirmælum Almannavarna, Veðurstofu Íslands, lögreglu, heilbrigðisyfirvalda og Kópavogsbæjar.
Viðbrögð ráðast af eðli, staðsetningu og áhrifum gossins. Þau geta meðal annars falist í:

- takmörkun útiveru;
- lokun glugga og dyra;
- breytingum á loftræstingu eftir fyrirmælum;
- því að halda nemendum og starfsfólki innandyra;
- notkun hlífðarbúnaðar vegna öskufalls;
- breytingum á skóla- og frístundastarfi;
- rýmingu samkvæmt fyrirmælum lögreglu og Almannavarna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Við öskufall skal leitast við að halda ösku utan byggingarinnar og fylgja leiðbeiningum um loftgæði og útiveru. Sérstaklega skal huga að einstaklingum með astma, öndunarfærasjúkdóma eða aðra viðkvæmni fyrir loftmengun.

Komi til opinberrar rýmingar eru nemendur ekki sendir einir af stað. Fylgt er fyrirmælum lögreglu og Almannavarna um hvort nemendur skuli vera áfram í skólanum, afhentir foreldrum eða forráðamönnum eða fluttir á tilgreindan öruggan stað.

Nánari upplýsingar eru á vef Almannavarna.

Viðbrögð við veikindafaraldri og heilsuvá

Ef upp kemur veikindafaraldur eða önnur heilsuvá fylgir Salaskóli leiðbeiningum embættis landlæknis, sóttvarnalæknis, heilbrigðisyfirvalda og Kópavogsbæjar. Skólastjóri stýrir viðbrögðum í samráði við skólaheilsugæslu og aðra viðeigandi aðila.
Viðbrögð skólans geta meðal annars falist í:

- auknum þrifum og sóttvörnum;
- aukinni áherslu á handþvott og almennt hreinlæti;
- breytingum á skipulagi skólastarfs;
- tímabundinni aðgreiningu hópa;
- takmörkunum á samkomum eða heimsóknum;
- skráningu og mati á fjarveru nemenda og starfsfólks;
- upplýsingagjöf til starfsfólks og foreldra eða forráðamanna;
- tímabundinni lokun eða skerðingu starfsemi samkvæmt fyrirmælum yfirvalda.

Ef nemandi veikist á skólatíma er farið eftir almennu verklagi skólans vegna veikinda. Haft er samband við foreldri eða forráðamann og nemandinn fær viðeigandi aðhlynningu þar til hann er sóttur. Gætt skal að persónuvernd og trúnaði við meðferð heilsufarsupplýsinga.

Nánari upplýsingar eru á vef embættis landlæknis um viðbúnað gegn vá.

Kynning, æfingar og endurskoðun

Viðbragðs- og rýmingaráætlun Salaskóla er kynnt starfsfólki reglulega og nýtt starfsfólk fær sérstaka kynningu á rýmingu, flóttaleiðum, söfnunarstað og hlutverki sínu við neyðarviðbrögð. Starfsfólk ber jafnframt ábyrgð á að kynna sér flóttaleiðir á sínu starfssvæði og halda þeim greiðum. Við skipulag rýmingar og annarra viðbragða skal sérstaklega huga að þeim sem þurfa aðstoð við rýmingu, samskipti eða aðgengi að upplýsingum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Umsjónarkennarar og annað starfsfólk fara yfir rýmingaráætlun með nemendum og kynna þeim rétt viðbrögð við eldsvoða, jarðskjálftum og annarri vá með hliðsjón af aldri og þroska. Farið er yfir flóttaleiðir og staðsetningu hópsins á söfnunarsvæði og nemendur fá þjálfun í þeim viðbrögðum sem ætlast er til.

Bruna- og rýmingaræfingar eru haldnar reglulega. Að lokinni æfingu eða raunverulegu atviki er framkvæmdin metin og skráð hvað gekk vel og hvaða atriði þarf að bæta.

Skólastjóri og öryggisnefnd bera ábyrgð á að áætlanirnar séu yfirfarnar reglulega og uppfærðar þegar breytingar verða á húsnæði, starfsemi eða leiðbeiningum yfirvalda.

Kafli 14

Skólaakstur

Ekki er um að ræða skólaakstur í Salaskóla nema í þeim tilfellum þar sem farið er í vettvangsferðir eða skólaferðalög. Nemendur í 1. - 4. bekk Salaskóla geta þó nýtt sér Frístundavagninn sem ekur um Kópavog eftir að skóla lýkur á daginn og kemur börnum í íþrótta- og tómstundastarf. Foreldrar skrá börn sín í vagninn sem er í umsjá íþróttafélaganna. Nokkrir nemendur Salaskóla nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra og sjá foreldrar um að bóka þá þjónustu.

Skólamáltíðir

Salaskóli rekur mötuneyti þar sem boðið er upp á málsverð í hádegi. Öllum nemendum stendur til boða gjaldfrjálsar máltíðir og fer skráning fram í gegnum Þjónustugátt á heimasíðu Kópavogsbæjar. Starfsfólk mötuneytisins eldar matinn að morgni hvers dags og er hægt að sjá matseðil á heimasíðu skólans. Foreldrar nemenda í 1.-7. bekk gefst kostur á að kaupa ávaxtaáskrift í morgunhressingu en nemendum í 8.-10. bekk er boðið upp á hafragraut í morgunfrímínútum.

Kafli 15

Skólaþróun

Á skólaárinu 2026–2027 verður áfram unnið markvisst að þróun náms og kennslu í Salaskóla. Áhersla verður á fjölbreytta kennsluhætti, samþættingu námsgreina, leiðbeinandi námsmat, þróun læsiskennslu og ábyrga og skapandi nýtingu stafrænnar tækni og gervigreindar. Markmiðið er að skapa fjölbreytt námsumhverfi sem tekur mið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

af margbreytileika nemendahópsins og veitir öllum nemendum tækifæri til virkrar þátttöku, náms og farsældar.

Fjölbreyttir kennsluhættir og námsmat

Áfram verður unnið að þróun fjölbreyttra kennsluhátta og samþættingu námsgreina. Nemendur fá tækifæri til að vinna með hæfniviðmið úr fleiri en einni námsgrein, nýta styrkleika sína og áhugasvið og sýna þekkingu sína og hæfni með fjölbreyttum hætti.

Samhliða verður unnið áfram að þróun reglulegs og leiðbeinandi námsmats og skýrrar framsetningar námsmarkmiða og námsmats. Áhersla verður lögð á að nemendur hafi góða yfirsýn yfir hvað þeir eru að læra, hvernig nám þeirra er metið og hver næstu skref í náminu eru, auk þess sem foreldrar fái skýrar upplýsingar um stöðu og framfarir nemenda.

Læsi og þróun lestrarkennslu

Læsi verður áfram eitt af meginviðfangsefnum þróunarstarfs skólans. Áhersla verður lögð á að efla og þróa læsiskennslu með markvissum og fjölbreyttum kennsluháttum og byggja upp sameiginlega faglega sýn starfsfólks á læsi. Fræðsla og ráðgjöf Sigurlaugar Rúnar Brynjólfsdóttur, kennsluráðgjafa Kópavogsbæjar, styður við þessa þróunarvinnu og verður henni fylgt eftir yfir skólaárið.

Jafnframt heldur Salaskóli áfram þátttöku í þróunarverkefninu *Lestur á mörkum skólastiga* sem nær yfir skólaárin 2025–2027. Verkefnið miðar að því að efla samfellu í læsisnámi milli leik- og grunnskóla með áherslu á gagnreyndar kennsluaðferðir. Áfram verður unnið að innleiðingu PALS-aðferða og þróun lestrarkennslu með það að markmiði að efla læsi og mæta fjölbreyttum þörfum nemenda.

Verkefnið felur í sér markvissa kennslu, reglulegar skimanir, sameiginleg námskeið og faglega rýni kennara til að tryggja gæði og framvindu. Kennarar sækja sameiginleg námskeið, halda kennsludagbækur og hittast reglulega á rýnifundum þar sem gæði kennslunnar eru rædd og metin. Lögð verður rík áhersla á orðaforða, tjáningu, félagsfærni og stuðning við tvítyngd börn. Verkefnið er styrkt af **Rannís** og niðurstöður þess verða kynntar í skólasamfélaginu haustið 2027.

Gervigreind í skólastarfi

Á skólaárinu verður gervigreind sérstök áhersla í þróunarstarfi skólans. Salaskóli tekur þátt í sameiginlegu þróunarverkefni grunnskóladeildar og grunnskóla Kópavogs, *Gervigreind – uppspretta nýrra tækifæra?* sem hlaut styrk úr Sprotasjóði í mars 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Markmið verkefnisins er að kanna með markvissum hætti hvernig gervigreind getur nýst í námi og kennslu og byggja upp þekkingu og reynslu innan skólans. Áhersla verður lögð á ábyrga, gagnrýna og skapandi notkun gervigreindar og að móta sameiginlega sýn á tækifæri hennar og áskoranir í skólastarfi. Fræðsla og starfsþróun kennara vegna verkefnisins er nánar útfærð í símenntunaráætlun skólans.

Forritun, tæknilæsi og skapandi notkun tækni

Áfram verður byggt á þeirri þróunarvinnu sem þegar hefur farið fram á sviði forritunar, tæknilæsis og skapandi notkunar stafrænnar tækni. Þróunarvinnan byggir meðal annars á styrk sem skólinn fékk frá Forriturum framtíðarinnar árið 2025 til að efla forritunar- og tæknimennt við skólann. Styrkurinn hefur skapað svigrúm til að efla búnað, þekkingu og starfsþróun á þessu sviði. Markmiðið er að stafræn tækni verði eðlilegur hluti náms og kennslu og styðji við sköpun, gagnrýna hugsun, sjálfstæði og lausnaleit nemenda.

Á skólaárinu verður unnið með Skema að áframhaldandi uppbyggingu forritunarkennslu. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja forritunarkennsluna við þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem snúa að forritun og stafrænni hæfni. Markmiðið er að efla samfellu í forritunarkennslu milli aldursstiga og skapa nemendum aukin tækifæri til að vinna með forritun, sköpun, rökhugsun og lausnaleit. Fræðsla kennara vegna verkefnisins er nánar útfærð í símenntunaráætlun skólans.

Eftirfylgni þróunarstarfs

Framvindu þróunarstarfsins verður fylgt eftir með innra mati skólans. Niðurstöður mats, reynsla starfsfólks og sjónarmið nemenda verða nýtt til að meta framkvæmd verkefna, greina hvað vel gengur og móta næstu skref.

Þannig tengjast skólaþróun, símenntun og innra mat saman í samfelldu umbótaferli með nám, þátttöku og farsæld nemenda að leiðarljósi.

Helstu áherslur skólaþróunar 2026–2027

- Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina.
- Reglulegt og leiðbeinandi námsmat og skýr framsetning námsmarkmiða og námsmats.
- Læsi og þróun lestrarkennslu.
- *Lestur á mörkum skólastiga* og áframhaldandi innleiðing PALS.
- *Gervigreind – uppspretta nýrra tækifæra?* og þróun á ábyrgri, gagnrýninni og skapandi nýtingu gervigreindar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Forritun og tæknilæsi í samstarfi við Skema.
- Skapandi og markviss notkun stafrænnar tækni í námi.
- Mat á áhrifum þróunarstarfs og áframhaldandi umbætur.

Starfsáætlun Salaskóla fyrir skólaárið 2026–2027 var lögð fyrir skólaráð Salaskóla til umfjöllunar og samþykkt á fundi ráðsins þann 30. október 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026